



HÁSKÓLI ÍSLANDS
Hugvísindadeild

„Íslenzkar Gramóphón-plötur“

*Upphaf hljóðritunar og saga 78 snúninga plötunnar á Íslandi
1910-1958*

Ritgerð til B.A.-prófs

Ólafur Þór Þorsteinsson

Maí 2006

Háskóli Íslands
Hugvísindadeild
Sagnfræðiskor

„Íslenzkar Gramóphón-plötur“

***Upphaf hljóðritunar og saga 78 snúninga plötunnar á Íslandi
1910-1958***

Ritgerð til B.A.-prófs

Ólafur Þór Þorsteinsson

Kt.: 160174-5369

Leiðbeinandi: Eggert Þór Bernharðsson

Maí 2006

Efnisyfirlit	Bls.
1.0 Inngangur	1
1.1 Skilgreining á íslenskri hljóðritun og hljómplötu	3
2.0 Almennt um upphaf hljóðritunar	3
2.1 Almennt um hljóðritunartækni fram til 1927	5
2.2 Íslendingar og hljóðritunartæknin	5
3.0 Vaxhólkarnir	6
3.1 Almennt um íslenska vaxhólka	6
3.1 Vaxhólkur Pétur Á. Jónssonar	7
4.0 Íslenskar hljómplötur koma á markað	8
4.1 Hljómplötuútgáfa hefst á Norðurlöndum	8
4.2 „Grammophon orkester, København“	9
4.3 Pétur Á. Jónsson og fyrsta íslenska hljómplata	10
4.4 Einar Hjaltested og Amerískar Columbia-plötur	12
5.0 Vor í íslenskri hljómplötuútgáfu	13
5.1 Ný tækni ryður sér til rúms	13
5.2 Eggert Stefánsson	14
5.3 Nordisk Polyphon	15
5.4 Sigurður Skagfield slæst í hópinn	16
5.5 Imperial Broadcast-plötur Skagfield	17
5.6 Alþingishátíðarplöturnar	19
6.0 Heimskreppa og stríð, útgáfuládeyðan 1933-1952	20
6.1 Bakslag í útgáfumálum	20
6.2 Hlutdeild Ríkisútvarpsins í plötuútgáfu	21
6.3 Elsa Sigfúss, „stúlkan með flauelsröddina“	22
6.4 Stefán Íslandi	24
6.5 Hljómplötur Maríu Markan	26
6.6 Íslenskar talkennsluplötur	26
7.0 „Íslensk“ plötuútgáfa hefst	28
7.1 Nýtt umhverfi	28
7.2 Íslenskir tónar	29
7.2.1 Björn R. Einarsson og fyrsta plata Íslenskra tóna	30
7.2.2 Plötur Svavars Lárussonar og Sigfúsar Halldórssonar	31
7.2.3 Platan „Ég vild' ég væri“ brotin í beinni útsendingu	33
7.3 Hljóðritanir Ríkisútvarpsins	33
7.3.1 Bannaðar plötur	35
7.4 Hljóðfæraverslun Sigríðar Helgadóttur	36
7.4.1 Adda Örnólfsdóttir	38
7.5 Hljóðfærahús Reykjavíkur	39
7.6 Af Músikbúðinni og hljómplötueinokun	40
7.6.1 Tónika	41
7.7 Hljómplötudeild Fálkans	41
7.7.1 Haukur Morthens	43
7.7.2 Íslenski lævirkinn	43
7.7.3 Guðrún Á. Símonar	44
7.8 Helstu vinsældarplötur 6. áratugarins	44
8.0 78 snúninga platan kveður	45
8.1 Íslenskar hljómplötur og heimsmarkaðurinn	46
9.0 Lokaorð	48
Heimildaskrá	50

1.0 Inngangur

Hljómdiskaútgáfa er órjúfanlegur hluti af tónlistarlífi Vesturlanda. Forsendur listamanna til að koma tónlist sinni á framfæri væru aðrar nyti hljóðritunartækninnar ekki við. Árið 2004 voru gefnir út rúmlega 200 hljómdiskar á Íslandi samkvæmt hljóðritaskrá Landsbókasafns. Langt er síðan íslenskar hljóðritanir komu á markað en í ár verða liðin 96 ár frá því fyrsta hljómplatan var hljóðrituð. Tónlistarútgáfa er stór hluti af menningarlífi Íslendinga og því er áhugavert að staldra við og skoða upphaf hennar og þá þróun sem hefur átt sér stað.

Tiltölulega lítið hefur verið um skipulegar rannsóknir á hljóðritunarsögu Íslendinga og er mörgum spurningum ósvarað og margt óljóst í þeim efnum. Skrif manna varðandi hljóðritunarsöguna hafa verið misvísandi og ekki alltaf borið saman. Í því efni má sérstaklega nefna upplýsingar varðandi útgáfuár hljómplatna. Því er þörf á auknum rannsóknum til að reisa traustar vörður á leið um íslenska hljóðritunarsögu.

Íslendingar urðu fyrstir þjóða til að gefa út heildarskrá yfir hljómplötur árið 1955, þegar Jón R. Kjartansson gaf út *Skrá yfir íslenskar hljómplötur 1907–1955*. Þetta staðfestir sænski hljómplötuskráritarinn, Karleric Liliedal í einu rita sinna um skandinavískar hljóðritanir. Þar segir hann orðrétt:

The first national discography in the world, *Skra yfir íslenskar hljómplötur 1907–1955*, was published by Jón R. Kjartansson, a private collector in Reykjavík. Unfortunately the project has not been carried on.¹

Hljómplötuskrá Jóns hefur lengi verið ein aðalheimildin um íslenskar hljóðritanir. Þetta stórkostlega framtak Jóns er eðlilega barns síns tíma en einhvers staðar varð að byrja. Nokkuð af plötum vantar í listann og útgáfuár eru misvísandi.

Gamlar íslenskar hljómplötur eru óaðgengilegar til rannsókna. Aðgangur að þeim er mjög takmarkaður og sú stofnun sem býr við mestan safnkost, Ríkisútvarpið, hefur plötusafn sitt ekki opið almenningi. Engin stofnun hefur það hlutverk að halda uppi skipulögðum rannsóknun og söfnun á gömlum íslenskum hljómplötum sem slíkum, þótt ýmislegt menningarstarf fari fram í kringum þær, þá aðallega í Ríkisútvarpinu. Landsbókasafn Íslands hefur sérstaka tónlistardeild, Tón- og myndsafn, en skylduskil til safnsins á öllu útgefnu hljóðrituðu efni hafa verið frá 1973.

¹ Liliedahl, Karleric: *The Gramophone Co.*, án bls.

Í upphafi og fyrstu 48 árin var útgáfuform hljóðrita hér á landi 78 snúninga platan og er hún meginviðfangsefni þessarar ritgerðar. Reynt verður að varpa ljósi á komu hljóðritunartækninnar til landsins og greina frá framgangi og sögu 78 snúninga plötunnar á Íslandi sem var við lýði frá 1910 til 1958. Ætlunin er að fá sem skýrasta heildarmynd af plötuútgáfunni hérlandis með því að skoða plötuútefendurnar á skipulegan hátt sem og kjör listamanna og aðkomu þeirra að plötuútgáfunni. Ekki er hægt að gera öllu ítarleg skil og því verður stiklað á stóru og reynt að skýra þau atriði sem helst hafa verið á huldu varðandi hljóðritunarsöguna fram til þessa.

Við umfjöllum á þessu efni vakna ýmsar spurningar sem reynt verður að fá svör við. Spurningar eins og hverjir áttu frumkvæði að plötuútgáfunni, hverjir kostuðu upptökurnar, hver var stærð upplaga og hvaða plötur seldust mest. Hver var hlutur Ríkisútvarpsins í plötuútgáfu og hvernig kom stofnunin að útgáfumálum á Íslandi? Hvernig barst hljóðritunartæknin til landsins? Þá er ætlunin að skýra upphaf hljómplötuútgáfu á Íslandi með tilkomu íslensku útgáfufélaganna. Útgáfuár fyrstu hljómplatnanna sem gefnar voru út eftir stríð hafa verið á huldu t.d. plötur M.A.-kvartettsins og Guðmundar Jónssonar og verður það rannsakað.

Heimildafæð hefur helst orðið höfundu að fótakefli og byggir ritgerðin aðallega á blaðagreinum og ævisögum ásamt viðtölum við hlutaðeigandi sem höfundur tók árið 2005. Þegar viðmælendur voru valdir var reynt að fá einn frá hverju útgáfufyrirtæki til að fá sem besta innsýn í störf listamanna á umræddu tímabili. Eðli máls var ekki hægt að fá viðmælendur frá fyrri hluta tímabilsins til 1950 þar sem þeir eru fæstir á lífi.

Ekki reyndist unnt að fá tæmandi upplýsingar um stærð upplaga og samninga við flytjendur úr fórum íslensku útgáfufélaganna og ekki var unnt að grafast fyrir um þær erlendis frá. Litlar upplýsingar fundust um Hljóðfærahus Reykjavíkur fyrir utan blaðaauglýsingar og er aðkoma fyrirtækisins að plötuútgáfu enn óljós. Ýmislegt bendir þó til að fyrirtækið hafi verið driffjöður í útgáfumálum hérlandis. Einnig fundust ekki margar heimildir sem greina frá plötunum sem teknar voru upp í tilefni af Alþingishátíðinni 1930 og ber kaflinn um þetta efni þess merki.

Í ritgerð þessari verður einungis fjallað um útgefnar 78 snúninga plötur og lítillega um vaxhólkana en ekki önnur form hljóðritana svo sem segulbandið, stálþráðinn og hljómplötur fyrir aðra snúningshraða þótt þau tengist einnig tímabilinu sem um er rætt.

Varðandi tilvitnanir er hljómplötuskrá höfundar sem gerð var í samvinnu við Trausta Jónsson höfð til hliðsjónar í allri ritgerðinni, þótt ekki sé alltaf vitnað í hana sérstaklega.

1.1 Skilgreining á íslenskri hljóðritun og hljómplötu

Í umfjöllun um íslenskar hljómplötur verður ekki komist hjá því að staldra við og íhuga hvað fellur undir þetta hugtak. Ýmsar spurningar vakna þegar skera á úr um hvort plata teljist íslensk. Er til dæmis um íslenska plötu að ræða ef flytjandi er íslenskur en er búsettur erlendis og platan gefin út fyrir erlendan markað? Þess þó heldur ef flytjandinn syngur á erlendu máli og er að auki hálf íslenskur? Er plata íslensk ef íslenski þjóðsöngurinn er fluttur af erlendum listamanni fyrir alþjóðlegan markað og hefði það áhrif að flytjandinn væri danskur ef platan hefði verið gefin út fyrir lýðveldisstofnun? Svona spurningum mætti lengi velta fyrir sér en í fræðaumræðu um hljóðritanir hefur þjóðerni þeirra verið túlkað í sem víðustu samhengi. Skilgreiningu á norskri hljóðritun má til dæmis finna í ritgerð um norskar hljóðritanir *Norge - ett lydrike? Verneplan for Norske Lydfestninger* en þar segir: „Lydfestningen må dokumentere norsk kultur eller historie, eller den må være hørbar i Norge ut fra en nærmere bestemt kontekst.“² Ef þetta væri fært yfir á íslenskar hljóðritanir mætti segja að þær ættu að varðveita íslenska menningu og sögu og við hlustun ætti að heyrast að þær væru íslenskar út frá nánara samhengi, til dæmis tungumáli, flytjanda eða öðrum þjóðlegum einkennum. Þegar hljóðritanir eða hljómplötur þjóða eru flokkaðar er einnig hugað að því fyrir hvaða áheyrendur eða markhóp þær eru gerðar, með öðrum orðum hvort þær eru gerðar fyrir íslenskan markað og skiptir þá engu hvert innihald þeirra er.

2.0 Almennt um upphaf hljóðritunar

Þann 25. mars 1857 fékk franskur prentarinn og uppfinningamaðurinn Edouard-Leon Scott de Martinville einkaleyfi á tæki sem bjó til myndræna útgáfu á hljóðbylgjum m.ö.o. skrifaði hljóðbylgjurnar. Þetta tæki fékk nafnið *phonograph* sem mætti þýða sem hljóðáritun. Vélin var svipuð að gerð og *hljóðriti* Edisons sem síðar verður greint frá. Hljóðbylgjurnar voru fangaðar í trekt og innst í trektinni var himna sem á var stíft burstahár. Pappír var svo settur upp á sívalning sem á var sveif til að snúa. Á

² *Vefur. Norge – ett lydrike*. Vefslóð: <http://www.nb.no/verneplan/lyd/>→Innhold→Den norske lyden.

pappírinn var borið sót eða lampasverta og við titringinn frá hljóðbylgjunum hreyfðist burstahárið í endanum á trektinni sem snerti pappírinn. Útkoman var hvít rák í sótugan pappírinn. Scott notaði einnig flatar plötur áþekkar grammófónplötum við hljóðritun sína. *Phonautograph* Scotts gat þó hvorki framkallað né tekið upp hljóð.³ Þetta fyrsta hljóðritunartæki var Edison augljóslega innblástur þegar hann fann upp hljóðritann tuttugu árum síðar.

Einn merkasti uppfinningamaður sögunnar, Thomas Alva Edison fann upp hljóðritann árið 1877. Þann 12. ágúst það ár kom orðið *phonograph* fyrst fram í minnisbókum hans. Á grísku stendur phono fyrir hljóð og graph þýðir ritun. Edison hafði unnið í nokkurn tíma að gerð talvélar eða „talking machine” þegar hann sendi tæknimanni sínum pöntun um smíði á fyrsta heppnaða hljóðritanum, 29. nóvember sama ár og hljómaði meginefni hennar svo:

Instead of using a disk I designed a little machine using a cylinder provided with grooves around the surface. Over this was to be placed tinfoil, which easily received and recorded the movements of the diaphragm.⁴

Stuttu seinna var vélin tilbúin, vandað tæki úr messing og járn. Þriggja og hálfu tommu sívalningur var á teini með sveif á endanum sem hægt var að snúa. Á sívalningnum voru rákir og utan um hann var sett tin- eða álfilma (tinfoil). Vélin var svo með tvær skurðarnálar, sem voru áfastar við sitt hvora hljóðhimnuna sem fangaði titringinn frá hljóðbylgjunum sem hreyfðu svo nálarnar og hljóðrituðu á tinfilmuna.⁵

Þann 4. maí 1887 sótti Emile Berliner, þýskur innflytjandi í Ameríku, um einkaleyfi á grammófóninum sem lék hljómplötur í stað vaxhólka. Sama ár og Berliner sótti um einkaleyfið þróaði hann einnig aðferð til að fjölfalda hljómplötur en fjölföldun hljóðrita hafði verið aðalvandamál Edisons. Grammófónninn var kominn til að vera enda þóttu grammófónplöturnar mun hentugri til hljóðritunar en hólkarnir og voru tóngæði þeirra einnig mun betri. Árið 1889 voru fyrstu grammófónplöturnar fjölfaldaðar og árið eftir kom grammófónninn svo á almennan markað.⁶

³ Vefur. Schoenherr, [Steven]: *Leon Scott and the Phonautograph*.
Vefslóð: <http://history.sandiego.edu/gen/recording/scott.html>

⁴ Josephson, Matthew: *Edison*, bls. 162.

⁵ Josephson, Matthew: *Edison*, bls. 163.

⁶ Vefur. Schoenherr, [Steven]: *The Early Gramophone*.
Vefslóð: <http://history.sandiego.edu/gen/recording/berliner.html>

2.1 Almennt um hljóðritunartækni fram til 1927

Frá upphafi voru hljóðritanir gerðar án rafmagns og hljómurinn ekki magnaður upp með notkun hljóðnema. Þegar órafmögnuð (acoustic) hljóðritun var framkvæmd, voru hljóðbylgjurnar fangaðar í trekt og látnar hreyfa safírskurðarnál sem skar svo rák í plötu eða hólki. Þetta var fremur léleg og árangurslítil aðferð til að fanga hljóm en aðeins lítið magn af orku nýttist til að hreyfa skurðarnálina. Meðan hljóðbylgjurnar, hin órafmagnaða orka, frá einsöng voru fangaðar hráar beint inn í trekt, var mun erfiðara að fanga breiðan hljóm eins og frá flygli eða hljómsveit. Mjög veikan hljóm var alls ekki hægt að hljóðrita. Að auki gátu órafmögnuðu upptökurnar aðeins kallað fram takmarkað tíðnisvið. Meðan maðurinn getur greint 20 til 20.000 hljóðbylgjur á sekúndu gat þessi tegund hljóðritunar aðeins skilað af sér tíðnisvið á bilinu 168 til 2000 hljóðbylgjur á sekúndu. Einsöngur kom best út við hljóðritun og er það ástæða þess að hann er ríkjandi í útgefnu efni þess tíma. Háir og skarpir tenórar komu best út.⁷ Það er því tæpast tilviljun að nær allar íslenskar hjómplötur fram til 1927, innihalda einsöng með tenórum.

2.2 Íslendingar og hljóðritunartæknin

Málvjel eða hljóðrita (grafófón, áður nefnt fónógraf) hefir konsúll Guðbr. Finnbogason (W. Fischersverslun) flutt hingað til lands með sjer í vor fyrstur manna.⁸

Fyrsti hljóðritinn eða vaxhólkataekið kom hingað til lands 1897 og var það Guðbrandur Finnbogason, konsúll sem flutti hann inn. Er talað um hann sem grafófón en þeir voru framleiddir af ameríska Columbia-félaginu og er ritað *graphophone* en uppfinningamaður hljóðritans, Thomas A. Edison, og aðrir kölluðu fyrirbærið yfirleitt phonograph. Fréttin af þessum fyrsta grafófón hélendis birtist í *Ísafold* 15. maí 1897. Þar var grafófóninum lýst á eftirfarandi hátt:

Ef talað er eða sungið andspænis trekt á vjelinni, skilar hún aptur orðunum og hljómunum hátt og snjallt sem mannsrödd væri ... Vjelin gengur líkt og klukka, með líkum útbúnaði; er dregin upp með sveif, þegar hún á að fara af stað. Örmár stálbroddur ristir hljóðrúnir á vaxhólki, er liggur utan um málmsívalning, sem snýst eins og rifur í vefstað. Hljóðinu skilar vjelin síðan aptur með því móti, að rifurinn eins og rekur ofan af sjer. Vaxhólkinn með hljóðrúnunum má bæði geyma svo lengi sem vill og sömuleiðis senda heimsenda á milli.⁹

⁷ Day, Timothy: *A Century of Recorded Music*, bls. 9.

⁸ *Ísafold*, 15. maí 1897, bls. 127.

⁹ *Ísafold*, 15. maí 1897, bls. 127.

Sama dag birtist auglýsing í *Ísafold* þar sem grafófónninn var auglýstur til sýnis í Góðtemplarahúsinu. Seldur var aðgangur að fyrirbærinu og kostaði miðinn 50 aura.¹⁰ Er óhætt að fullyrða að þá hafi í fyrsta skipti á Íslandi verið haldnir tónleikar án lifandi tónlistarmanna.

Svo virðist sem haldnar hafi verið fleiri skemmtanir í Reykjavík þar sem grafófónn kom til sögunnar því í *Ísafold* 5. febrúar 1898 er svohljóðandi auglýsing: „Grafófónninn syngur og spilar á „Hermes“ sunnud. 5. og mánud. 6. þ. m. frá kl. 8-10 síðdegis, og ef til vill fleiri kveld.“¹¹ Trúlegast er að þar hafi verið um að ræða sama grafófónninn og áður er getið.

Ein elsta auglýsing í íslensku blaði um grammófón birtist í *Þjóðólfi* í ágústmánuði árið 1900 með svohljóðandi fyrirsögn: „Hvað er Gramophon?“ Síðan segir ennfreður:

Gramophone er vél sem syngur, spilar, talar og yfir höfuð getur haft allt mögulegt eptir, alveg eins og Fonograf, en Gramophone er *mikið* fullkomnari vél og heyrir allt í honum miklu greinilegra en í Fonograf. Með Gramophon eru brúkaðar *plötur* en ekki valsar.¹²

Nýyrðið talvél kemur fram í fyrirsögn auglýsingar í *Ísafold* frá 29. nóvember 1902. Þar auglýsir Ásgeir Sigurðsson ameríska grafófóna frá Columbia Phonograph Company og birtir mynd með. Segir hann þetta bestu talvélar í heimi og þær tali, syngi og spili. Þær kosta svo allt frá kr. 22 og 50 aurum til kr. 500 sem bendir til að nokkurt úrval hafi verið í boði.¹³ Orðið talvél mun hinsvegar ekki hafa náð að festa sig í íslenskunni og er það lítið notað eftir þetta.

3.0 Vaxhólkarnir

3.1 Almennt um íslenska vaxhólka

Elstu hljóðrit sem enn eru varðveitt hér á landi voru gerð á vaxhólka árið 1903. Jón Pálmason bankaféhirðir og organisti eignaðist eitt af fyrstu hljóðritunartækjunum sem hingað bárust og markar brautryðjendastarf hans upphaf hljóðritunar hér á landi. Á árunum 1903–1912 tók hann upp margvíslegt efni á vaxhólka. Var þar um að ræða bæði talað orð og söng, einkum gömul íslensk sálmalög og rímnakveðskap. Þessir

¹⁰ *Ísafold*, 15. maí 1897, bls. 128.

¹¹ *Ísafold*, 5. feb. 1898, bls. 28.

¹² *Þjóðólfi*, 25. ágúst 1900, bls. 156.

¹³ *Ísafold*, 29. nóv. 1902, bls. 295.

vaxhólkur eru nú varðveittir í Þjóðminjasafni Íslands. Þar og í Stofnun Árna Magnússonar eru geymd söfn gamalla hljóðritana. Í Stofnun Árna Magnússonar er til að mynda varðveitt safn sem kennt er við Jónbjörn Gíslason kvæðamann, ættaðan úr Húnavatnssýslu. Hann fluttist til Vesturheims og tók með sér töluvert safn hljóðritana sem einkum innihélt rímnalög sem hann sjálfur hafði hljóðritað, sennilega um eða eftir 1920. Á gamals aldri kom Jónbjörn aftur til Íslands og hafði þá rímnasafnið með sér sem og tækið sem notað var við upptökuna. Jón Leifs tónskáld ferðaðist um og tók upp á vaxhólka íslensk þjóðlög og rímnakveðskap á árunum 1926, 1928 og um 1935.¹⁴ Vaxhólkur þessir eru nú varðveittir á Þjóðfræðisafninu í Berlín (Museum für Völkerkunde) en afrit af þeim eru á Þjóðminjasafni Íslands.¹⁵

3.2 Vaxhólkur Péturs Á. Jónssonar

Í ævisögu Péturs Á. Jónssonar, óperusöngvara, segir að í gamalli freigátu í Kaupmannahöfn, *Jylland* sem Kristján konungur IX kom á til Íslands 1874, hafi hann sungið inn á einn vaxhólk. Skipinu hafði þá verið breytt í veitingastað og fest við bryggju. Orðrétt segir:

... þar söng Pétur fyrst á grammófón, á hólka, því plötur voru þá enn ekki orðnar algengar. Hann söng „du gamla, du fria“ og varð hólkur sá vinsæll mjög, eins og grammófónplötur Péturs síðar meir, þó hann væri frumlegri og ófullkomnari.¹⁶

Þessi vaxhólkur hefur ekki fundist hérlandis né frést af tilvist hans í Danmörku. Ef hann er til er hann eini íslenski vaxhólkurinn sem gerður hefur verið til útgáfu og fjöldaframleiddur. Pétur tímasetur ekki upptökuna í frásögn sinni en hann fór utan sumarið 1906 og má því ætla að hólkurinn sé tekinn upp næstu ár eftir það. Ætla má að hólkurinn hafi verið fjölfaldaður þar sem hann er borinn saman við grammófónplötur Péturs. Þá má leiða líkur að því að Pétur hafi sungið inn á hólkin hjá „Dansk Fonograf Magasin“ sem stofnað var 1899 og var líklega eina fyrirtækið sem framleiddi og gaf út vaxhólka í Danmörku.


¹⁴ Ekki vitað nákvæmlega hvenær en talið vera í kringum 1935.

¹⁵ Njáll Sigurðsson: „Kveðskaparlistin. Varðveisla og saga“, bls. 25–26.

¹⁶ Björgúlfur Ólafsson: *Pétur Jónsson óperusöngvari*, bls. 37.

4.0 Íslenskar hljómplötur koma á markað

Myndrit 1: Heildarútgáfa á íslenskum 78 snúninga plötum, 1910-1958.



Heimild: *Handrit*. Trausti Jónsson og Ólafur Þorsteinsson: Skrá yfir íslenskar 78 snúninga plötur. Maí 2006.

4.1 Hljómplötuútgáfa hefst á Norðurlöndum

The Gramophone Company var stofnað í London 1898 og sá í upphafi um alla hljómplötuútgáfu fyrir Norðurlöndin. Þó svo að Norðulandamarkaðurinn væri smár í sniðum þótti hann efnahagslega mikilvægur. Þrátt fyrir að hér væri um að ræða fimm lönd þá taldist þetta engu að síður einn markaður. Helst voru það Finnar sem í upphafi voru útundan sökum tungumálsins. Finnland heyrði undir Rússakeisara á þessum tíma og margir hjá Gramophone Co. virðast hafa talið Finnland vera hluta af Rússlandi

frekar en eitt Norðurlandanna. Þetta breyttist þó fljótlega og litið var á Finnland sem hluta af skandinavíska markaðnum.¹⁷

Árið 1899 stóð Gramophon Co. fyrir fyrstu hljómplötupptökunum í Skandinavíu en í árslok það ár lét fyrirtækið hljóðrita í Stokkhólmi og Kaupmannahöfn. Þetta var talsvert af plötum og voru þær svo fjöldaframleiddar. Plöturnar voru eins og fyrstu plötur fyrirtækisins gefnar út undir nafni Berliner eða „E. Berliners Gramophone“.¹⁸

Árið 1898 kom Joseph Berliner, bróðir Emile Berliner, upp verksmiðju í Hannover í Þýskalandi til að gera plötumót og fjölfalda grammófónplötur.¹⁹ Þeir sem hugðu á plötuútgáfu á Norðurlöndunum urðu því í upphafi að senda pantanir til London og þaðan fóru plöturnar síðan í pressun til Hannover í Þýskalandi nema finnsku plöturnar sem voru pressaðar í Riga í Lettlandi. Á þessu varð breyting 1903 þegar tvö skandinavísk útgáfufélög voru stofnuð, annars vegar Skandinavisk Grammophon A/S í Kaupmannahöfn 13. júní og hins vegar Skandinaviska Grammophon A/B í Stokkhólmi stofnað 28. september sama ár.²⁰

4.2 „Grammophon orkester, København“

Fyrsta platan sem skráð er í hljómplötuskrá Jóns Kjartanssonar sem gefin var út árið 1955 inniheldur lögin „Ó guð vors lands“ og „Eldgamla Ísafold“.²¹ Samkvæmt upplýsingum á plötumiða er hún leikin af „Grammophon orkester, København“. Útgáfa plötunnar er ekki dagsett í hljómplötuskránni en á eftir henni eru skráðar fyrstu plötur Péturs Á. Jónssonar sem ranglega eru dagsettar frá árinu 1907. Plata Grammophon orkester hefur því verið talin eldri en plötur Péturs og af sumum frá árinu 1906 sem hefur þá þýtt að um fyrstu íslensku hljómplötuna væri að ræða. Þetta er alrangt því platan kom út þó nokkrum árum síðar. Það er mikilvægt að upplýsingar varðandi upphaf plötuútgáfu á Íslandi séu réttar og þess vegna verður nú greint stuttlega frá þessari plötu.

Herhljómsveitir voru vinsælar og vel þekktar á fyrstu árum hljómplötuútgáfu á Norðurlöndunum og víðar; þess vegna voru gerðar fjölmargar upptökur með þeim.²²

¹⁷ Liliedahl, Karleric: *The Gramophone Co.*, bls. vii.

¹⁸ Hein, Morten: *Musik til salg Skandinavisk Grammophon A/S*, bls. 9.

¹⁹ Hein, Morten: *Musik til salg Skandinavisk Grammophon A/S*, bls. 8.

²⁰ Liliedahl, Karleric: *The Gramophone Co.*, bls. vii.

²¹ Jón R. Kjartansson: *Skrá yfir íslenskar hljómplötur 1907-1955*, bls. 3.

²² *Vefur. Norge – ett lydrrike*. Vefslóð: <http://www.nb.no/verneplan/lyd/> → Innhold → Den første distribusjon av norske lydfestinger.

Þann 21. ágúst 1912 hljóðritaði hljómsveit Konunglega suður-skánska fótgönguliðsins, undir nafninu *Meissners Militär Orkester*²³, íslenska þjóðsönginn. Meissner mun líklega vera stjórnandi hljómsveitarinnar. Skandinavisk Grammophon A/S (SG) í Kaupmannahöfn hefur líklega verið að huga að gerð hljómplötu fyrir íslenskan markað um þetta leyti. Árið 1912 eða 1913 kom platan svo á markað en lagið sem var sett hinum megin á plötuna, „Eldgamla Ísafold“ var væntanlega sótt í hljóðritunarsafn höfuðstöðva Gramophone Co. í London, því hljóðritunin hafði verið gefin út á öðru útgáfunúmeri undir nafninu „God Save The King“ og var flutt af bresku herhljómsveitinni, The Coldstream Guard Band, hljóðrituð 24. febrúar 1911.²⁴

Til að markaðssetja plötuna á Norðurlöndum og þá sérstaklega á Íslandi voru titlarnir hafðir á íslensku og hljómsveitirnar fengu svo nafnið „Grammophon orkester, København.“

4.3 Pétur Á. Jónsson og fyrsta íslenska hljómplatan

Þann 23. ágúst 1910 tók Pétur Á. Jónsson upp fyrstu íslensku hljómplöturnar sem gefnar voru út. Þær voru teknar upp á vegum Skandinavisk Grammophon A/S í Kaupmannahöfn. Þennan dag söng Pétur inn á fjórar plötuhliðar sem báru upptökunúmerin 468ah, 469ah, 470ah og 471ah.²⁵ Þrjár af þessum upptökum voru gefnar út á grænum plötumiða undir vörumerkinu Gramophone Concert Record í 282000 útgáfuflokki („seríu“) fyrirtækisins en fyrstu þrír tölustafirnir, 282, stóðu fyrir „male solo singing voice.“²⁶ Þrjár af þessum plötuhliðum sem fengið höfðu upptökunúmer voru gefnar út og þær voru í réttri röð: „Dalvísur“, útgáfunúmer 282081, „Augun bláu“, útgáfunúmer 282082 og „Gígjan“, útgáfunúmer 282083. Ekki er vitað um efni plötunnar sem ekki var gefin út en hún bar upptökunúmerið 469ah.²⁷ Möguleiki er að eitthvert laganna hafi verið tekið upp tvisvar og lakari upptakan sett til hliðar, en að mati höfundar er líklegra að misheppnuðum upptökum hafi verið fargað og þess vegna ekki gefið sérstakt upptökunúmer. Lögin voru gefin út hvert á sinni plötunni, það sem kallaðist á ensku „single sided record“ en þá var ekki tekið upp á bakhlið plötunnar en þess í stað var þar upphleypt mynd af englinum „The Writing Angel“ sem strikar hljóðrákir með fjöður í hljómplötu og var vörumerki

²³ Liliedahl, Karleric: *The Gramophone Co.*, bls. 166.

²⁴ *Sendibréf*: Ruth Edge: Bréf til Runólfs Þórðarsonar 28. maí 1997.

²⁵ Liliedahl, Karleric: *The Gramophone Co.*, bls. 124.

²⁶ Liliedahl, Karleric: *The Gramophone Co.*, bls. xix.

²⁷ Liliedahl, Karleric: *The Gramophone Co.*, bls. 124.

fyrirtækisins. Á seinni árum hafa aðeins fundist tvö eintök af „Dalvísum“ en engin af hinum tveimur plötunum af þessari frumgerð. Aftur á móti voru lögin líklega gefin aftur út 1911 en þá voru „Dalvísur“ og „Augun bláu“ sett saman á plötu og „Gígjan“ sett á móti laginu „Þess bera menn sár“ sem Pétur hafði hljóðritað í febrúar 1911. Það ár var hætt að gefa út „single sided records“.

Karleric Liliedahl, fræðimaður og bókarhöfundur, segir að fyrst hafi verið farið að taka upp báðum megin á plötur, „tvíplötur“ („double sided discs“), á Norðurlöndum árið 1908 og allar plötur þar sem aðeins var lag öðrum megin hafi verið horfnar af útgáfulistum Gramophone Co. fyrir árið 1910.²⁸ Það getur ekki staðist þar sem plötur Péturs voru teknar upp í ágúst það ár og komu út annað hvort í lok þess árs eða byrjun þess næsta. Eftir því sem næst verður komist, komu plöturnar ekki í sölu á Íslandi fyrr en snemma árs 1911 ef marka má eftirfarandi auglýsingu í *Ísafold* í febrúar það ár:

Íslenskar Gramóphón-plötur. Bókverzlun Ísafoldar hefir fengið allmiklar birgðir af hinum margþráðu íslenzku gramóphónlögum, sem Pétur Jónsson hefir sungið: Fífilbrekka gróin grund. Gígjan. Augun bláu. Hver plata kostar 2 kr. Eftirspurnin mikil. Því ráðlegast að hraða kaupunum.²⁹

Allt bendir til þess að Gramophone Co. hafi bæði haft frumkvæði að og borið allan kostnað af upptökunum því öll dreifing var á þeirra vegum. Þeir sem hugðu á verslun með þessar plötur hérlandis urðu að panta þær í gegnum Kaupmannahöfn. Þarlandir smásalar höfðu einnig þessar plötur á boðstólum. Í *Morgunblaðinu* í nóvember 1913 má finna auglýsingu frá dönskum heildsala sem bar yfirskriftina: „Sala beint frá stórbirgðunum“, þar sem auglýst er mikið úrval af grammófónplötum á íslensku og viðskiptavinir beðnir um að senda pantanir út.³⁰

Haustið 1911 fluttist Pétur Jónsson til Berlínar til að starfa við óperusöng.³¹ Árið eftir söng hann inn níu plötur, 18 lög, þar í borg³² sem Skandinavisk Grammophon A/S í Kaupmannahöfn stóð fyrir,³³ en Gramophone Co. hafði einnig útibú í Berlín. Tvær af plötunum voru teknar upp 16. apríl 1912 en hinar voru teknar upp 16. og 19. september. Ætla má að eftirspurn hafi verið mikil eftir plötum Péturs þar sem fyrirtækið stóð fyrir svo umfangsmikilli útgáfu á söng hans.

²⁸ Liliedahl, Karleric: *The Gramophone Co.*, bls. xvii.

²⁹ *Ísafold*, 4. feb. 1911, bls. 27.

³⁰ *Morgunblaðið*, 20. nóv. 1913, bls. 87.

³¹ Björgúlfur Ólafsson: *Pétur Jónsson óperusöngvari*, bls. 52.

³² Liliedahl, Karleric: *The Gramophone Co.*, bls. 156 og 182.

³³ Björgúlfur Ólafsson: *Pétur Jónsson óperusöngvari*, bls. 56.

Pétur var ánægður með viðskipti sín við Skandinavisk Grammophon A/S.. Höfundur hefur ekki undir höndum neinar heimildir sem gefa til kynna að fyrirtækið hafi gert skriflega samninga um störf Péturs. Pétur sjálfur minnst í ævisögu sinni á samning um 200 marka fyrirframgreiðslu varðandi þær plötur sem gerðar voru í september 1912 en sá samningur virðist hafa verið tilkominn vegna þess að Pétur var illa fyrir kallaður á upptökudag og félaus. Pétur fékk upptökunum frestað um einn dag og gat svo notað fyrirframgreiðsluna til nauðpurfta. „Grammófónninn var því einskonar hvalreki á fjöru Péturs“ segir enn fremur í ævisögu hans.³⁴

4.4 Einar Hjaltested og Amerískar Columbia-plötur

Árið 1911 eða 1912 fór Einar Hjaltested utan til New York í Bandaríkjunum til að mennta sig og freista gæfunnar á söngsviðinu.³⁵ Einar bar dvölinni í Ameríku vel söguna og kvaðst hafa notið velgengni, en sjálfur sagði hann í viðtali við Steingrím Sigurðsson eftirfarandi: „Ég söng hingað og þangað alstaðar í öllum stærstu húsum í Bandaríkjunum.“³⁶ Einar bar listamanns nafnið Havodin og segist eitt sinn hafa sungið á góðgerðarsamkomu með óperustjórnnunni Tito Scipa. Einar var 17 ár í Bandaríkjunum en árið 1928 fluttist hann aftur til Íslands.³⁷ Svo virðist sem hann hafi einungis haldið eina tónleika eftir að heim var komið og eftir það lagt söngferilinn á hilluna.

Árin ytra voru Einari viðburðarík, hann mun hafa sungið fyrir yfirstétt New York-borgar þar sem hann kynntist m.a. hinum heimsfræga óperusöngvara Enrico Caruso. Sögusagnir herma að Einar hafi beðið Caruso að taka sig í söngkennslu en hann hefði ekki getað orðið við því. Caruso á hins vegar að hafa komið Einari að hjá Columbia-plötuútgáfunni. Hvað sem hæft er í slíkum sögum er staðreynd að Einar tók upp tvær plötur fyrir Ameríska Columbia-félagið í New York, um árið 1918.³⁸ Það voru fjögur íslensk lög í hljómsveitarútsetningu og lék Columbia-hljómsveitin undir. Það kann að þykja undarlegt að amerískt útgáfufélag hafi gefið út hljómplötur á íslensku fyrir þarlendan markað en á þessum árum var stór hluti Bandaríkjamanna fæddur utan Ameríku og margir þeirra voru lítt eða ekki mæltir á ensku. Árið 1910 voru t.d. nærri 15% bandarísku þjóðarinnar fædd utan Bandaríkjanna. Þetta hafði

³⁴ Björgúlfur Ólafsson: *Pétur Jónsson óperusöngvari*, bls. 56.

³⁵ Steingrímur Sigurðsson: *Spegill samtíðar*, bls. 90.

³⁶ Steingrímur Sigurðsson: *Spegill samtíðar*, bls. 91.

³⁷ Steingrímur Sigurðsson: *Spegill samtíðar*, bls. 91 og 95.

³⁸ Gronow, Pekka: *Studies in Scandinavian-American Discography* 2, bls. 60.

Columbia-félagið, þá næststærsta útgáfufélagið í Ameríku, í huga þegar það hugðist færa út kvíarnar og auka markaðshlutdeild sína í Ameríku. Félagið sá sér því hag í að gefa út plötur á öðrum tungumálum en ensku og beina spjótum sínum að þeim fjölmörgu innflytjendahópum sem bjuggu í Ameríku.³⁹ Um 1920 gaf félagið svo út þjóðsöng Íslendinga og „Vögguljóð“, leikin af Skandinavian Orcestra með skýringunni „Icelandic“.⁴⁰ Fullvíst má telja að hún hafi verið ætluð fyrir þarlandan markað þar sem tilvist plötunnar er ekki þekkt hér á landi. Hvað varðar plötur Einars Hjaltested voru þær seldar hérlandis og í Bandaríkjunum og er því haldið fram að plöturnar hafi verið vinsælar meðal Vestur-Íslendinga.⁴¹

5.0 Vor í íslenskri hljómplötuútgáfu

Hljómplötuútgáfa í Evrópu átti erfitt uppdráttar í fyrri heimsstyrjöld og engar íslenskar plötur komu út á meðan á henni stóð. Sem fyrr segir komu plötur Einars Hjaltested út um 1918 en þær voru gefnar út fyrir Ameríkumarkað en þar hafði plötumarkaðurinn ekki beðið eins mikinn hnekki og í Evrópu. Markaðurinn þar var búinn að ná sér nokkuð á strik undir lok styrjaldarinnar. Þá tók við ný uppsveifla í plötuútgáfu og Íslendingar fóru ekki varhluta af henni. Um 1920 kom nokkuð af plötum á markað með Eggerti Stéfánssyni og Pétri Jónssyni.

5.1 Ný tækni ryður sér til rúms

Ný tækni ruddi sér smám saman til rúms varðandi hljóðritun þegar farið var að taka upp með rafmagni. Rafmagnið var að breiðast út um heimsbyggðina og olli straumhvörfum á mörgum sviðum mannlífsins. Hljóðritanir voru hér engin undantekning. Hljóðritanir með hjálp rafmagns komu tiltölulega seint til Norðurlandanna en þar voru fyrstu rafmagnsupptökurnar gerðar sumarið 1925 og síðan gefnar út í mars 1926. Í júlí sama ár tóku þýskir tæknimenn frá Gramophon Co., sem nú gaf út undir merkjum ”His Master’s Voice”, hér eftir nefnt HMV, upp 58 titla (29 plötur) í Helsinki og voru það fyrstu rafrænu upptökurnar sem fram fóru á Norðurlöndunum. Í janúar 1927 tilkynnti HMV að allar þeirra upptök yrðu þar eftir rafmagnsupptök. Í nóvember 1926, hafði fjölmörgum norrænum listamönnum verið stefnt til Electrola-hljóðversins í Berlín til að taka upp plötur. Þessar plötur áttu að

³⁹ Gronow, Pekka: *Studies in Scandinavian-American Discography* 2, bls. 6.

⁴⁰ Gronow, Pekka: *Studies in Scandinavian-American Discography* 2, bls. 67.

⁴¹ *Heimildarmenn*. Sigurjón Samúelsson, plötusafnari, Hrafnabjörgum.

koma í janúarútgáfulistanum 1927 og vera fánaberar hinnar nýju upptökutækni. Allar hljómplötur sem báru útgáfunúmerið frá og með X 2353 voru því hljóðritaðar rafrænt.⁴² Sú plata sem bar þetta útgáfunúmer, og næstu sex, var plata með Eggerti Stefánssyni söngvara.⁴³

5.2 Eggert Stefánsson

Eggert Stefánsson hélt tvítugur að aldri til náms í Konunglega tónlistarskólann í Kaupmannahöfn og var þar í um fjögur ár.⁴⁴ Í lok árs 1914 hélt hann svo til Stokkhólms til söngnáms.⁴⁵ Í júlí 1919 fór Eggert frá Stokkhólmi til London að þreifa fyrir sér í sönglistinni. Þar var haft samband við hann frá Gramophon Co., líklega frá Skandinavisk Grammophon A/S. En svo segir Eggert sjálfur frá: „„His Master’s Voice” skrifaði mér þá og bað mig að syngja inn á plötur 10 ný, íslensk lög. Söng ég þá inn á plötur fyrstu lög Sigvalda bróður míns, seinna Kaldalóns ...“⁴⁶

Upptökurnar fóru svo fram 26. ágúst 1919 í höfuðstöðvum Gramophon Co. í Hayes í Englandi.⁴⁷ Fyrstu hljómplötur Eggerts innihéldu 10 lög, 5 plötur, og voru 9 laganna eftir Sigvalda Kaldalóns, bróður Eggerts, sem gæti bent til að sá fyrirnefndi væri hvatamaður að útgáfunni. Mörg þessara laga urðu síðar þjóðþekkt, t.d. „Á Sprengisandi“, „Þú eina hjartans yndið mitt“ og „Þótt þú langförull legðir“. Sá annmarki var þó á plötunum að þær voru lélegar að gæðum og óskýrar við spilun. Eggert lýsir þeim svo: „Vorur upptökurnar nokkuð daufar. Eftir stríð var allt efni til grammófónupptöku mjög ófullkomið ...“⁴⁸ Undirleikarinn á plötunum er ekki þekktur en Eggert segir hann hafa verið enska konu sem hafi skilað sínu vel.⁴⁹

Eggert Stefánsson varð síðar fánaberi hinnar rafmögnuðu hljóðritunar þegar hann tók upp fyrstu íslensku plötunna með rafmagni en það var haustið 1926, fyrir Polyphon í Berlín, og komu þær síðan í sölu í október sama ár. Í frétt í *Alþýðublaðinu* segir: „Plötur þessar eru teknar með hinni nýju rafmagnsaðferð, og eru sumar þeirra svo snildarlega teknar, að furðu gegnir, að vinum hans hér á landi mun óblandið

⁴² Liliedahl, Karleric: *The Gramophone Co.*, bls. xvi–xvii.

⁴³ *Handrit*. Trausti Jónsson og Ólafur Þorsteinsson: Skrá yfir íslenskar 78 snúninga plötur. Maí 2006.

⁴⁴ Eggert Stefánsson: *Lífið og ég I*, bls. 33 og 44.

⁴⁵ Eggert Stefánsson: *Lífið og ég I*, bls. 44–45.

⁴⁶ Eggert Stefánsson: *Lífið og ég I*, bls. 79.

⁴⁷ Liliedahl, Karleric: *The Gramophone Co.*, bls. 292.

⁴⁸ Eggert Stefánsson: *Lífið og ég I*, bls. 79.

⁴⁹ Eggert Stefánsson: *Lífið og ég I*, bls. 79.

ánægjuefni að heyra plöturnar.⁵⁰ Sem fyrr segir söng Eggert svo einnig á plötur fyrir SG á merkjum HMV síðar sama ár og komu þær á markað í janúar 1927.

Eggert átti eftir að syngja inn á fjöldamargar plötur en alls urðu þær 27 á tímabilinu 1919 til 1930 að viðbætti einni plötu með upplestri sem bar titilinn „Óðurinn til ársins 1944“. Textinn var eftir hann sjálfan en óvíst er hvenær hún kom út. Platan er úr víníl sem almennt var ekki farið að nota fyrr en nokkru síðar. Plöturnar fyrir Gramophon Co., seinna “His Master’s Voice”, urðu alls 12 en afgangurinn var gefinn út hjá Polyphon-útgáfunni sem Hljóðfærahúsið hafði umboð fyrir. Til gamans má geta að Eggert er talinn vera fyrirmynd skáldsagnapersónu Halldórs Laxness, Garðars Hólm í Brekkukotsannál.

5.3 Nordisk Polyphon

Eins og áður hefur komið fram voru flestar skandinavískar plötur pressaðar í Hannover í Þýskalandi hjá Deutsche Grammophon (hér eftir nefnt DG). Öll plötuútgáfa dróst mikið saman í fyrri heimsstyrjöldinni. Sem dæmi má nefna að sala á plötum DG minnkaði um 30% árið 1914. Þýska ríkið yfirtók DG á stríðsárunum vegna gjaldþrots fyrirtækisins og seldi til Polyphon-fyrirtækisins í Leipzig sem hafði verið stofnað 1886 og var þekkt fyrir spiladósir sínar. Þannig fluttist framleiðsla á norrænum plötum frá Hannover til Hayes í Englandi, trúlega síðla árs 1917. DG í Hannover gaf þó út fjóra titla í maí 1918 fyrir Norðurlandamarkað.⁵¹

Polyphon hóf útgáfu í Kaupmannahöfn 1919 og taldi sig þá vera réttmætan eiganda að “His Master’s Voice” vörumerkinu. Þar með hófust deilur um vörumerkjaeign. “His Master’s Voice” í Englandi varaði seljendur við því að hafa nokkuð saman við Polyphon að selda og bentu á að DG hefði aðeins séð um pressunina fyrir Gramophon Co. sem voru réttmætir eigendur vörumerkisins. Sú staðreynd að HMV vörumerkið hefði verið skráð í Skandinavíu undir merkjum DG væri málinu óviðkomandi. Málalyktir urðu þær að Polyphon hætti að nota HMV vörumerkið.⁵²

⁵⁰ *Alþýðublaðið*, 28. okt.1926, bls 2.

⁵¹ Liliedahl, Karleric: *The Gramophone Co.*, bls. x-xi.

⁵² Liliedahl, Karleric: *The Gramophone Co.*, bls. xvi.

5.4 Sigurður Skagfield slæst í hópinn

Einn þeirra huldumanna sem hvað minnst hefur verið skrifað um og rannsakaður er tenórsöngvarinn Sigurður Skagfield. Gaf hann þó út flestar plötur fyrir íslenskan markað á umræddu tímabili en alls urðu þær 58.⁵³ Sigurður átti mjög litskrúðuga ævi og var persóna hans eftir því.

Sigurður Sigurðsson var fæddur í Brautarholti í Skagafirði og er listamannsnafníð Skagfield án efa sótt í sýsluna. Óvenju lítið af heimildum er til um Sigurð og hefur hann fallið í gleymsku. Talið er að hann hafi fyrst hafið söngnám á Akureyri veturinn 1915-1916 hjá Sigurgeiri Jónssyni organista. Haustið 1919 fór Sigurður svo til Kaupmannahafnar í söngnám og naut þar leiðsagnar hjá hr. Jerndroff óperusöngvara við Konunglega leikhúsið. Sigurður kom aftur til Íslands sumarið 1920 og hélt áfram söngnámi, þá hjá séra Geir Sæmundssyni á Akureyri. Sigurður var svo nokkur ár við nám í Kaupmannahöfn, m.a. hjá hinum heimsfræga danska óperusöngvara Vilhelm Herold. Seinna var hann við nám í Dresden og víðar í Þýskalandi⁵⁴ og hjá hinum þekkta kennara Gora í Tékkóslóvakíu.⁵⁵

Árið 1924 varð Skagfield fjórði íslenski einsöngvarinn til að syngja á hljómplötur og voru þær teknar upp í Kaupmannahöfn fyrir Polyphon-plötuútgáfuna sem þá gaf út undir merki „Nordisk Polyphon Aktieselskap“. Í janúar 1925 voru komnar á markað sex plötur, 12 lög, með Sigurði skv. frétt í *Degi*.⁵⁶

Ekki er vitað hver átti frumkvæði að upptökunum en að fyrstu plötunni frátalinni voru öll löggin eftir Sveinbjörn Sveinbjörnsson prófessor og tónskáld í Kaupmannahöfn. Spilaði hann einnig undir á píanó í lögnum og því má ætla að hlutur Sveinbjörns hafi verið stór í þessari útgáfu. Um svipað leyti, ef ekki á sama tíma, spilaði Sveinbjörn inn á fyrstu íslensku píanóeinleiksplötuna en það voru píanótónverk eftir hann sjálfan í þjóðlegum anda.

Árið 1926 fór Sigurður til Þýskalands og gerði sinn fyrsta leikhússamning í Rostock. Árin eftir ferðaðist hann um Þýskaland og víðar og í apríl 1927 söng hann í fyrsta skiptið í þýska útvarpið. Skagfield kom til Íslands árið 1930 í tilefni af Alþingishátíðinni og söng inn á sex af Alþingishátíðarplötum Fálkans. Aðeins Hreinn Pálsson söng inn á fleiri einsöngsplötur í þessum plötuflokki. Gefur það nokkra vísbendingu um hversu vinsæll Skagfield hefur verið en mikið framboð var á

⁵³ *Handrit*. Trausti Jónsson og Ólafur Þorsteinsson: Skrá yfir íslenskar 78 snúninga plötur. Maí 2006.

⁵⁴ *Alþýðublaðið*, 29. sept. 1956, bls. 5.

⁵⁵ Hjalti Pálsson: „Þýðir ekkert að hugsa um það sem hefði getað orðið“, bls. 58.

⁵⁶ *Dagur*, 6. janúar 1925, bls. 4.

söngplötum hans á þessum tíma. Alþingishátíðarárið komu 10 nýjar plötur með söng hans á merkjum HMV⁵⁷ og einnig 10 frá Polyphon-félaginu. Enginn söngvari seldi eins margar plötur á þessum tíma, enda varð Skagfield ein skærasta stjarna Ríkisútvarpsins þegar það var stofnað í desember sama ár.

5.5 Imperial-Broadcast plötur Skagfield

Haustið 1934 fór Skagfield til Englands en þar hafði maður að nafni Rudolf Lane gert við hann 14 vikna samning um að syngja í fjölleikahúsum víða í London. Þetta var í miðri heimskreppunni og Skagfield fékk aðeins dvalarleyfi í mánuð og mátti ekki taka að sér neina vinnu, launaða né ólaunaða. Að lokum fór þó svo fyrir tilstilli danska konsúlsins að leyfi fékkst til að syngja í tvær vikur. Í London söng Skagfield inn á þó nokkrar plötur fyrir hið þekkta breska útgáfufyrirtæki „Imperial-Broadcast“ en til þess þurfti ekkert sérstakt leyfi. *Morgunblaðið* segir frá þessu í nóvember sama ár, og orðrétt segir: „Söng hann þar íslensk lög með íslenskum texta á 8 plötur, og ensk lög á 20 plötur.“⁵⁸ Þarna er átt við plötuhliðar þannig að í raun og veru er um að ræða 4 plötur með íslensku efni og 10 með ensku efni. Ekki leikur vafi á að svo margar plötur hafi verið teknar upp en lengi voru vangaveltur um afdrif þeirra. Allt bendir þó til þess og telja má öruggt að aðeins fjórar af þessum plötum hafi verið gefnar út og komið á almennan markað. Sterkasta vísbendingin því til stuðnings er auglýsingarmiði fyrirtækisins frá 1934 sem ber yfirskriftina „Imperial-Broadcast“, Presents, Sigurd Skagfield, Iceland's Greatest Tenor“.⁵⁹ Síðan eru tilteknar þær 4 plötur sem útgefnar hafa verið, 3 „íslenskar“ með útgáfunúmerunum ME6017, ME6018 og ME6019 og svo ein með enskum lögum og útgáfunúmerið á henni er 4037. Að lokum er svo vitnað í umsagnir ýmissa um söng Skagfields þar sem honum er hælt á hvert reipi. Að lokum er tekið fram að plöturnar fáið í helstu verslunum.⁶⁰

Í janúarhefti breska hljómplötutímaritsins *The Gramophone* frá árinu 1935 er klausa um eina af Imperialplötum Skagfield, þá með ensku lögnum, og hljóðar hún svo:

An interesting visitor from abroad is **Sigurd Skagfield**, described as the great Icelandic tenor. He certainly has a colossal [Hér er vitnað í auglýsingu Imperial Broadcast] voice and gives full measure in two English songs, Geehl's *For you Alone*

⁵⁷ *Vísir*, 27. maí 1930, bls. 3.

⁵⁸ *Morgunblaðið*, 6. nóv. 1934, bls. 5.

⁵⁹ *Þjsk. Ríkisútvarp*. 1987-DA/4. Dreifimiði frá Imperial Broadcast.

⁶⁰ *Þjsk. Ríkisútvarp*. 1987-DA/4. Dreifimiði frá Imperial Broadcast.

and Moir's *When Celia Sings*, both with piano accompaniment. I think readers would be interested to hear this, and note the meticulous pronunciation.⁶¹

Sú saga er lífsseig þótt höfundur hafi ekki fundið heimildir fyrir henni að frú Friðriksson sem rak Hljóðfærahúsið hafi pantað eintök af Imperial plötum Skagfield og fengið þau send til landsins. Þegar átti svo að leysa plöturnar úr tolli gat hún ekki útvegað gjaldeyri og voru plöturnar endursendar og komu þess vegna aldrei í sölu hér. Þessar plötur finnast nú allar í einu eintaki hérlandis, sín á hverjum staðnum hjá söfnum og söfnurum.

Skagfield sendi útvarpsráði bréf í júní 1936 og er bréfið áhugavert þar sem hann vekur athygli á plötum sínum frá *Imperial Broadcasting* með auglýsingu frá fyrirtækinu og ítrekar fyrri beiðni sína að eldri plötur hans verði ekki leiknar í útvarp framvegis og hljóðar bréfið svo:

Til Útvarpsnefndar!
Háttvirtu Herrar!

Ég hefi heyrt að útvarp Islands léti spila yfir útvarpið þær grammophon plötur sem ég fyrir 10 árum (að illu heilli) söng, fyrir Polyphon – Skand. Grammophon, og Columbia – áður en ég fór frá Islandi þá lofaði tónlistarstjóri og útvarpstjóri mér því að þessar plötur aldrei yrðu spilaðar yfir útvarp Islands – Aftur á móti hefi ég gefið leyfi (skriflegt) útvarpi Islands að það mætti spila þær plötur sem ég söng fyrir Imperial Broadcast. Ég vona að þær plötur verði spilaðar – Og að Tónlistarstjóri Páll Ísólfsen og útvarpsstjóri Þ. Þorbergsson haldi það loforð, þó ég ekki tæki skriflegt að þessar gömlu ómögulegu plötur yrðu ekki spilaðar – mér til skammar og skapraunar.

Vinsaml. Sig Skagfield⁶²

Árið 1939-1940 var Skagfield ráðinn sem söngvari við ríkisóperuna í Oldenburg og árið 1943-1944 var hann ráðinn við þýsku óperuna í Ósló. Sigurður var skapmikill og kom sér illa við stjórnvöld, þýska nasista, í landinu og í janúar 1944 var hann settur í Grínifangelsið í Noregi ásamt konu sinni Ingu Hagen þar sem þeim fæddist dóttir. Eftir að hafa sloppið þaðan og verið ráðinn í borgarleikhúsið í Göttingen endaði hann svo í fangabúðum í Osterode í Þýskalandi, eftir að hafa neitað að vinna við hergagnaframleiðslu og þar var hann til stríðsloka. Sigurður Skagfield lifði fangavistina af og fluttist hann alfarinn heim til Íslands 1948.⁶³ Það ár tók hann líklega upp síðustu útgáfuplötur sínar en það voru tvær plötur sem Fálkinn gaf út árið 1952.

⁶¹ *The Gramophone*, janúar 1935, bls. 311.

⁶² Þjsk. Ríkisútvarp. 1987-DA/4. Bréf frá Sigurði Skagfield til útvarpsnefndar 4. júní 1936.

⁶³ Hjalti Pálsson: „Þýðir ekkert að hugsa um það sem hefði getað orðið“, bls. 59.

5.6 Alþingishátíðarplöturnar

Íslensku Columbia-plöturnar nýju, teknar upp í Reykjavík í sumar, hafa öll hin sömu gæða-einkenni og aðrar söng- og hljómplötur Columbia-félagsins; þær eru afar skýrar og hljómfagar og munu verða til sannrar ánægju á hverju íslensku heimili.

Árni Thorsteinson.⁶⁴

Árið 1926 fékk Fálkinn umboð fyrir plötuútgáfuna Columbia en árið 1933 sameinaðist hún “His Master’s Voice“. Kartín Viðar hafði umboð fyrir HMV en það var ekki fyrr en árið 1946 að Fálkinn fékk umboð fyrir útgáfuna og öll EMI merkin.⁶⁵

Árið 1930 fór Fálkinn að þreifa fyrir sér varðandi útgáfu á hljómplötum vegna Alþingishátíðarinnar. Fálkinn hafði samband við Columbia-útgáfufélagið í Englandi sem Fálkinn hafði aðalumboð fyrir á Íslandi sem varð til þess að tæknimenn frá Englandi komu hingað til lands og tóku upp fjöldann allan af plötum. Fáum heimildum er til að dreifa um þessar upptökur en hér er vitnað í frásögn Viðars Pálssonar, sagnfræðings af framkvæmd upptakanna í 100 ára afmælisriti Fálkans:

Á þessum árum sló engin tónlistargrein út kórsöng í vinsældum hér á landi og ræddi Haraldur [Ólafsson síðar forstjóri Fálkans] í London að hentugast yrði að hefja leikinn í þeirri grein. Úr varð að tveir tæknimenn frá Columbia komu um sumarið og ætluðu að taka upp kórsöng á alþingishátíðinni. En margt fer öðruvísi en ætlað er, og ekkert varð úr því. Upptökutækni var enn nokkuð frumstæð á þessum tíma og var sungið í risastóra trekt við upptökur. Alþingishátíðin var vitaskuld utandyra, og þar sem veður reyndist vætusamt og vont fuku allar fyrirætlanir út í vindinn. En Haraldur dó ekki ráðalaus, enda síst tilbúinn að gefa upp á bátinn verkefni sem þegar hafði miklu verið kostað til. Hann tók á leigu samkomuhúsið Bárúna og smalaði öllum tiltækum íslenskum listamönnum þangað sem mest og skjótast hann mátti. Þótt lítill tími væri til æfinga fékk ævintýrið farsælan endi, og á þremur vikum var tekið upp íslenskt efni fyrir hálfan sjötta tug plata ... Verkefnið skilaði þannig margfalt meira efni en til stóð, og væntanlega einnig í betri hljóðgæðum en upphaflegar fyrirætlanir hefðu gefið af sér. Það er því tilviljun að íslensk hljómplötuútgáfa á svo kröftugt upphaf.⁶⁶

Afrakstur þessa framtaks voru svo 40 plötur með fjölbreyttu efni sem komu á markað um haustið, nánar til tekið október ef marka má auglýsingu þess efnis frá Hljóðfæraverslun Katrínar Viðar þann 10. þess mánaðar.⁶⁷ Síðar verður greint frá því þegar tæknimenn frá Columbia komu öðru sinni til landsins og tóku upp plötur árið 1933.

⁶⁴ Columbia. *Aðalskrá yfir íslenskar og erlendar plötur*, bls. 46.

⁶⁵ *Alþýðublaðið*, 10. maí 1957, bls. 4.

⁶⁶ Viðar Pálsson: *Ágrip af sögu Fálkans*, bls. 21.

⁶⁷ *Morgunblaðið*, 10. okt. 1930, bls 3.

6.0 Heimskreppa og stríð, útgáfuládeyðan 1933-1952

6.1 Bakslag í útgáfumálum

The economic devastation wrought by the Great Depression would have been bad enough, but the concurrent emergence of radio as the primary form of home entertainment causes sales of phonograph records to plummet in the early 1930s.⁶⁸

Hér er vitnað í Bandaríkjamennina Kurt og Diane Nauck, uppboðshaldara, þar sem þau lýsa niðurslaginu í plötuútgáfu við upphafi heimskreppunnar í heimalandi sínu.

Víst má telja að tilkoma Ríkisútvarpsins árið 1930 hafi haft mikil áhrif á íslenska plötuútgáfu líkt og reynslan hafði sýnt erlendis. Að sjáfsögðu lék heimskreppan einnig stórt hlutverk og samspil þessara tveggja þátta hefur án efa orðið hljómplötuútgáfu hér á landi þungbært. Árið 1933 komu hingað tæknimenn frá Columbia, öðru sinni, á vegum Fálkans en í samvinnu við Ríkisútvarpið og tóku upp rúmlega 50 plötur með sama sniði og Alþingishátíðarplöturnar. Óvíst er hvort þetta framtak hafi borgað sig en plötusala dróst verulega saman um þetta leyti. Haraldur Ólafsson lét hafa eftir sér í viðtali í *Morgunblaðinu* að sala á íslenskum plötum hafi verið sáralítill á árunum 1933-1940 og þessvegna hafi plötusteypumótin verið eyðilögð.⁶⁹ Engar íslenskar plötur voru gefnar út sérstaklega fyrir Íslandsmarkað árin 1934 og 1935.

Kreppan á Íslandi náði fram í hernám en langur tími átti eftir að líða þar til plötuútgáfan næði sér á strik að nýju. Líkt og í fyrri heimsstyrjöld voru engar íslenskar hljómplötur gefnar út fyrir íslenskan markað í seinna stríði. Það voru einungis listamennirnir Elsa Sigfúss og Stefán Íslandi sem gáfu út plötur í seinni heimsstyrjöld og þá aðeins fyrir danskan markað en þar í landi áttu þau farsælan söngferil.

Plötuútgáfa í Danmörku var erfið í stríðinu þótt útgáfan hafi verið í nokkurri sókn framan af. Þegar leið á stríðið hrundi plötuútgáfan og var hún nokkur ár að ná sér á strik að nýju. Þar kom einnig inn í hráefnisskortur á efninu, „shellack-inu“ og þurfti þess vegna, a.m.k. á tímabili, að skila inn gamalli plötu til bræðslu þegar ný var keypt.⁷⁰

Haraldur Ólafsson, forstjóri Fálkans, sagði í blaðaviðtali eftirfarandi; „1933-1945 voru engar plötur gefnar út vegna kreppunnar og styrjaldarinnar, en eftir stríð

⁶⁸ Nauck, Kurt & Diane: *Nauck's Vintage Records. Vintage Record Auction #39*, bls. 16.

⁶⁹ *Morgunblaðið*, 3. febrúar 1951, bls. 6.

⁷⁰ Hein, Morten: *Musik til salg Skandinavisk Grammophon A/S*, bls. 77.

hefur Fálkinn gefið út talsvert af plötum.⁷¹ Það er rétt að Fálkinn hafi ekki gefið út neinar plötur á þessu tímabili en málið er bara að fyrirtækið setti ekki neinar plötur á markað fyrr en 1951.⁷² Fálkinn hafði fengið umboðið fyrir HMV árið 1946 og plötur Guðmundar Jónssonar sem komu út árið 1949 á merkjum HMV voru gefnar út af Hljóðfæraverslun Sigríðar Helgadóttur með leyfi Fálkans. Fálkinn hafði gefið út nokkrar plötur á merkum HMV með Stefáni Íslandi, Maríu Markan og Karalakór Reykjavíkur á árunum 1936-1938 en það mun hafa verið gert að tilstuðlan Ríkisútvarpsins og á þeim tíma hafði Hljóðfæraverslun Katrínar Viðar umboðið fyrir HMV.⁷³ Þess má geta að árið 1946 höfðu samskipti útvarpsins og SG varðandi plötuviðskipti gengið treglega, væntanlega vegna upplausnarástandsins í Danmörku fyrst eftir stríð. Febrúar 1946 fékk útvarpsstjóri þau skilaboð frá SG að Ísland heyrði nú beint undir höfðustöðvar Gramophon Co., í Englandi.⁷⁴ Fóru nú öll samskipti varðandi plötuútgáfu á merkjum HMV beint í gegnum England.

6.2 Hlutdeild Ríkisútvarpsins í plötuútgáfu

Þótt leiða megir að því líkur að stofnun Ríkisútvarpsins hafi orðið plötuútgáfu á Íslandi erfið, reyndist þessi aðalkeppinautur hinnar íslensku hljómplötu einnig helsti velgjörðarmaður hennar. Sem fyrr segir kom útvarpið snemma að plötuútgáfu þegar það hafði frumkvæði og samvinnu við Fálkann um upptökur hér á landi árið 1933. Auðvitað gat útvarpið ekki verið án hljómplatna því ekki var hægt að hafa ótakmarkaðan lifandi tónlistarflutning.

Gögn úr skjalasafni útvarpsins benda til þess að útvarpið hafi staðið fyrir þeim plötum sem gefnar voru út árið 1937 með Karalakór Reykjavíkur.⁷⁵ Þar sem Stefán Íslandi söng hið fræga lag „Ökuljóð“ með Karalakór Reykjavíkur er ekki ólíklegt að útvarpið hafi einnig komið að öðrum plötum Stefáns frá þessu ári. Sama ár söng María Markan inn á plötur sem fyrir milligöngu útvarpsins voru gefnar út árið eftir. Hér er vitnað í bréf Jónasar Þorbergssonar, útvarpsstjóra, til Maríu frá árinu 1947, líklega varðandi plötur hennar sem teknar voru upp 1933 og 1937: „Nú hefir raunin því miður orðið sú, að því nær ekkert er til eftir þig nema plötur þær, sem

⁷¹ *Alþýðublaðið*, 10. maí 1957, bls. 4.

⁷² *Þjsk.* Ríkisútvarp. 1987-DC/3. Afrit af bréfi Ríkisútvarpsins til Fálkans 8. febrúar 1951.

⁷³ *Þjsk.* Ríkisútvarp. 1987-DDC. Bréf frá Katrínu Viðar til útvarpsstjóra 26. október 1937.

⁷⁴ *Þjsk.* Ríkisútvarp. 1987-DC/3. Afrit af bréfi frá Jónasi Þorbergssyni til Stefáns Íslandi. 6. febrúar 1946.

⁷⁵ *Þjsk.* Ríkisútvarp. 1987-DC/3. Afrit af bréfi frá Jónasi Þorbergssyni til Stefáns Íslandi. 6. febrúar 1946.

Ríkisútvarpið hefir í tvö skipti látið taka upp og gefa út að verulegu leyti á sinn kostnað.⁷⁶

Augljós skortur útvarpsins á íslenskum hljómplötum hefur orðið til þess að það hefur ákveðið að blanda sér enn frekar í útgáfumál. Eftir stríð fór útvarpið að huga að því að koma sér upp safni af hljómlist á plötum. Árið 1947 hafði útvarpið uppi áform um umfangsmiklar upptökur á tónlist, þá sérstaklega kórsöng og einsöng. Gögn úr skjalasafni útvarpsins staðfesta að útvarpið var í samningaviðræðum við fjölmarga listamenn, þar á meðal Stefán Íslandi, Sigurð Skagfield, Einar Kristjánsson og Karlakór Reykjavíkur. Fjöldi upptaka var gerður og hafa þær líklega staðið yfir fram til ársloka 1948 en í desember það ár falaðist útvarpið eftir samvinnu við Fálkann um útgáfu á plötunum. Þar segir orðrétt í bréfi útvarpsstjóra stílað á Fálkann:

Eins og við höfum margsinnis rætt um, er það ætlun Ríkisútvarpsins að gefa út til sölu, innanlands og ef til vill í útlöndum, sitthvað af þeim plötum, sem upp hafa verið teknar hér í útvarpinu og kunna að verða teknar upp í framtíðinni. Leyfi ég mér hér með að óska samstarfs yðar til þess að ná sem hagkvæmustum samningum við félagið um útgáfu slíkra platna, öflun gjaldeyris til innflutnings etc.⁷⁷

Þann 31. október 1949 gerðu útvarpið og Fálkinn svo með sér samning um útgáfu á plötunum.⁷⁸ Meginefni hans er að Fálkinn má velja þær upptökur sem hann telur vænlegar til útgáfu að því tilskildu að hann greiði helming af útlögðum kostnaði varðandi upptökurnar. Útvarpið fær ennfremur 10 eintök af hverri plötu til afnota án endurgjalds.⁷⁹ Afrakstur þessa samstarfs var svo að 21 plata var gefin út með ýmsum flytjendum. Fyrstu átta plöturnar komu hér á markað snemma árs 1951⁸⁰ en afgangurinn, 13 plötur, kom út í október árið eftir.⁸¹

6.3 Elsa Sigfúss, „stúlkan með flauelsröddina“

Þegar plötuútgáfa á Íslandi var að lognast út af í miðri heimskreppunni var ung íslensk söngkona að hefja farsælan tónlistarferil í Danmörku. Þetta var Elsa Sigfúss en hún var dóttir Sigfúsar Einarssonar, tónskálds og dómorganista og Valborgar Einarsson, píanóleikara. Elsa ólst upp á miklu tónlistarheimili og ung að árum fékk hún undirstöðumenntun á píanó hjá móður sinni og í tónfræði hjá föður sínum. Elsa hafði djúpa rödd og sagði að altraddir hafi ekki þótt fínar í hennar ungdæmi. Þess vegna

⁷⁶ Þjsk. Ríkisútvarp. 1987-DC/3. Afrit af bréfi frá Jónasi Þorbergssyni til Maríu Markan 23. júní 1947.

⁷⁷ Þjsk. Ríkisútvarp. 1987-DC/3. Afrit af bréfi frá Jónasi Þorbergssyni til Fálkans 29. des 1948.

⁷⁸ Þjsk. Ríkisútvarp. 1987-DC/3. Afrit af bréfi frá Jónasi Þorbergssyni til Fálkans 31. okt 1949.

⁷⁹ Þjsk. Ríkisútvarp. 1987-DC/3. Afrit af bréfi frá Jónasi Þorbergssyni til Fálkans 31. okt 1949.

⁸⁰ Þjsk. Ríkisútvarp. 1987-DC/3. Afrit af bréfi Ríkisútvarpsins til Fálkans 8. febrúar 1951.

⁸¹ Morgunblaðið, 7. október 1952, bls. 2.

valdi Elsa að læra á selló þegar hún innritaðist tvítug að aldri í Konunglega tónlistarskólann í Kaupmannahöfn árið 1928. Þess má geta að Elsa lék síðar með Hljómsveit Reykjavíkur á Alþingishátíðinni 1930⁸² og er ein af Alþingishátíðarplötunum leikin af hljómsveitinni. Líklega var þetta fyrsta hljómplata sem Elsa Sigfúss kom að.

Fyrir hvatningu frá ýmsum breytti Elsa fljótt áherslum í tónlistarnámi sínu og sneri sér þá að söng en hafði sellóið meðfram. Hún útskrifaðist svo árið 1932 frá skólanum og hélt sína fystu opinberu tónleika í Oddfellowhöllinni í Kaupmannahöfn árið 1933 og vakti þar almenna athygli. Eftir það var hún oft nefnd „stúlkan með flauelsröddina“. Í sambandi við tónleikana fékk Elsa styrk frá *Berlindske Tidende* og einnig danskan styrk til framhaldsnáms í Dresden.⁸³

Ekki er miklum heimildum til að dreifa um Elsu og hennar glæsta tónlistarferil. Plötuútgáfa með söng Elsu er mjög samfelld og umfangsmikil frá því að fyrsta platan kom út árið 1937. Platan var gefin út fyrir danskan markað eins og um 90% af útgáfuplötum hennar. Í ævisögu Sigfúsar Einarssonar eftir Sigrúnu Gísladóttur er ferill Elsu ræddur og þar má finna eftirfarandi klausu um innkomu hennar á danska hljómplötumarkaðinn:

Þegar Elsa söng í fyrsta sinn í danska útvarpið, vakti hún slíka athygli, að með fádæmum má teljast, og streymdu þá þegar tilboð til hennar frá flestum grammófónútgáfum í Danmörku. Hún hefur sungið inn á plötur hjá Polyphon, His Masters Voice, Columbia, Tónó, Fálkanum, Hljóðfærahusi Reykjavíkur o.fl. Plötur hennar hafa selst í þúsunda tali.⁸⁴

Elsa Sigfúss gaf út langflestar hljómplötur á tímabilinu sem hér um ræðir en alls hafa 119 78 snúninga plötur fundist með söng Elsu og er alls óvíst hvort sá listi sé tæmandi. Fram á þann tíma sem þetta er ritað eru plötur enn að koma í leitirnar. Elsa átti glæstan söngferil sem ekki verður greint nánar frá.


Þegar skoða á heildarútgáfu íslenskra hljómplatna og þær plötur sem voru sérstaklega gerðar fyrir íslenskan markað er nauðsynlegt að aðgreina plötur Elsu því þær hafa veruleg áhrif á útgáfupróun hérlandis. Þótt plötur Elsu teljist íslenskar skv. framangreindri skilgreiningu segja þær lítið um innlenda hljómplötuútgáfu því langflestar plöturnar komu aldrei í sölu á Íslandi. Þegar plötuútgáfa lá að mestu niðri,

⁸² Sigrún Gísladóttir: *Sigfús Einarsson tónskáld*, bls. 178.

⁸³ Sigrún Gísladóttir: *Sigfús Einarsson tónskáld*, bls. 178-180.

⁸⁴ Sigrún Gísladóttir: *Sigfús Einarsson tónskáld*, bls. 180.

frá 1933 til 1952, kom megnið af plötum Elsu út en þær eiga rúmlega 16 prósent hlut af öllum íslenskum 78 snúninga plötum.



6.4 Stefán Íslandi

Einn af þeim söngvurum íslenskum sem vöktu mikla athygli bæði hér heima og erlendis var Stefán Guðmundsson betur þekktur sem Stefán Íslandi. Stefán var ættaður úr Skagafirði eins og fleiri söngmenn, fæddur í Krossanesi í Vallhólmi og átti þar heima fyrstu fjögur ár ævinnar en fluttist þá með foreldrum sínum að Vallanesi og síðar til Sauðárkróks.⁸⁵

Stefán gerðist snemma mikill söngmaður og stóð hugur hans mjög til söngnáms enda fór það svo að hann hélt utan til að læra söng. Hann fór til Ítalíu í árslok 1929 til að hefja þar söngnám.⁸⁶ Hann var hjá ýmsum kennurum til að byrja með en fann engan sem honum líkaði nógu vel fyrr en hann fór til Ernesto Caronna í Mílanó.⁸⁷

⁸⁵ Indriði G. Þorsteinsson: *Áfram veginn*, bls. 9-12.

⁸⁶ Indriði G. Þorsteinsson: *Áfram veginn*, bls. 94.

⁸⁷ Indriði G. Þorsteinsson: *Áfram veginn*, bls. 103.

Skandinavisk Grammophon A/S í Kaupmannahöfn sendi Katrínu Viðar, umboðsmanni “His Master’s Voice” á Íslandi, bréf í október 1937.⁸⁸ Þar var sagt að Stefán hafi sungið íslensk einsöngslög í danska ríkisútvarpið um sumarið í tilefni af 25 ára krýningarafmælis Kristjáns X við miklar vinsældir og ennfremur vill fyrirtækið annast upptökur á fjórum lögum. Það yrði gert í Tívolíinu í Kaupmannahöfn ásamt 35 manna hljómsveit. Kostnaður við upptökurnar yrði kr. 1000 og fer fyrirtækið fram á að útvarpið greiði hann en fyrirtækið sjái um tæknilegu hliðina.⁸⁹ Katrín sendi bréfið áfram til útvarpsins sem sem tók málið til athugunar en málið dagaði uppi.

Stefán Íslandi gat sér brátt góðan orðstír og söng víða um Evrópu. Vorið 1936 söng Stefán Íslandi inn á plötur hjá “His Master’s Voice” og var gerður við hann samningur um að hann myndi ekki syngja inn á plötur fyrir önnur útgáfufélög. „Fyrstu lögín sem hann söng á plötur samkvæmt þessum samningi voru Vögguvísa eftir Sigurð Þórðarson og Í fjarlægð eftir Karl O. Runólfsson. Auk þess söng hann tvær ítalskar ariur á aðra plötu.“⁹⁰ Stefán átti eftir að syngja inn á fleiri plötur fyrir fyrirtækið og sagði m.a. í *Radiolytteren* í Kaupmannahöfn að „sem söngvari fyrir rafmagnsupptöku er Stefán Íslandi ómótmælanlega sá bezt.“ Þar sagði einnig að HMV hefði sent eitt eintak af plötu Stefáns til Covent Garden óperuhússins í Lundúnum.⁹¹

Hljómplata Stefáns með laginu „Ökuljóð“ sem gefin var út árið 1937 en án efa mest selda íslenska 78 snúninga platan á Íslandi (sjá myndrit 5). Hinn langvarandi skortur á íslenskum hljómplötum skýrir að hluta hina gríðarlegu sölu á plötunni. Höfundur telur því að platan hafi verið í sölu með hléum frá 1937 fram til um 1960 þegar 78 snúninga platan kvaddi. Fleiri plötur sem gefnar voru út fyrir stríð fengu mikla sölu vegna þess hve lítið var útgefið fram til um 1950.

Nokkrar plötur voru gefnar út með Stefáni á 6. áratugnum bæði af Fálkanum og HSH og virðast þær allar hafa selst vel.

⁸⁸ Þjfsk. Ríkisútvarp. 1987-DDC. Afrit af bréfi frá Skandinavisk Grammophon Aktieselskab til Katrínar Viðar frá 26. október 1937.

⁸⁹ Þjfsk. Ríkisútvarp. 1987-DDC. Afrit af bréfi frá Skandinavisk Grammophon Aktieselskab til Katrínar Viðar frá 26. október 1937.

⁹⁰ Indriði G. Þorsteinsson: *Áfram veginn*, bls. 149.

⁹¹ Indriði G. Þorsteinsson: *Áfram veginn*, bls. 152.

6.5 Hljómplötur Maríu Markan

María Markan hóf söngnám í Þýskalandi árið 1929. Hún var systir Einars Markans sem var þá þegar orðinn þekktur söngvari á Íslandi og hafði hann m.a. sungið inn á nokkrar plötur, fyrst 1926. Fleiri systkin hennar gátu einnig sungið, m.a. Elísabet og Sigurður en hann söng inn á tvær af Alþingishátíðarplötunum. Meðan María var í námi kom hún reglulega til Íslands og hélt einnig tónleika víða erlendis en tíðindum sætti þegar hún varð fyrsta íslenska söngkonan til að fá fastan samning við virt erlent óperuhús, Schiller-óperuna í Hamborg árið 1935. Þetta varð grunnurinn að merkurum óperusöngferli hennar. Seinna var hún svo ráðinn að Glyndebourne óperunni í Englandi og síðan náði ferill hennar hápunkti árið 1941 þegar hún fékk fastráðningu í Metropolitan óperunni í New York ein fjögurra af 723 umsækjendum.⁹² Eftir seinni heimsstyrjöld leið söngferill Maríu undir lok og lét hún lítið að sér kveða eftir það.

Svo fáar hljómplötur voru gefnar út með Maríu Markan að undrun sætir. Líklega er skýringuna að finna í því að María er á hápunkti ferils síns í miðri heimskreppunni. María hafði sungið inn tvær plötur árið 1930, líklega fyrir tilstuðlan Einars bróður síns, aðra í Berlín fyrir plötugútgáfuna Polyphon þar sem hún söng með honum dúett og síðan eina af Alþingishátíðarplötum Fálkans.

Telja má víst að þessar plötur hafi fengið mikla spilun í útvarpinu og notið mikilla vinsælda. Má þess vegna álykta að hún hafi verið fengin til að syngja sálmalög inn á tvær plötur árið 1933 þegar Fálkinn og Ríkisútvarpið stóðu fyrir upptökum í Reykjavík fyrir Columbia. Árið 1938 komu út þrjár plötur með Maríu undir merki “His Master’s Voice” með íslenskum og erlendum lögum.⁹³ Um svipað leyti kom eina plata hennar með óperuaríum við undirleik hljómsveitar. Einu plöturnar sem komu út með henni eftir stríð á 78 snúninga plötum voru frá Íslenskum tónum. Þar söng hún m.a. lög eftir hana sjálfa og komu plöturnar út árið 1955.⁹⁴

6.6 Íslenskar talkennsluplötur

Í ársbyrjun 1949 fóru fimm Íslendingar til London að taka upp talkennsluplötur fyrir hið þekkta fyrirtæki „The Linguaphone Institute“ og var íslenskan 32. tungumálanámskeiðið sem stofnunin gaf út. Prófessorarnir Stefán Einarsson og Björn Guðfinnsson undirbjuggu framburð og texta sem fylgdu plötunum. Þjálfaði sá

⁹² Sigríður Thorlacius: *María Markan*, bls. 116.

⁹³ *Alþýðublaðið*, 8. sept. 1938, bls. 1.

⁹⁴ *Handrit*. Trausti Jónsson og Ólafur Þorsteinsson: Skrá yfir íslenskar 78 snúninga plötur. Maí 2006.

síðarnefndi lesarana um haustið en þeir voru: Gunnar Eyjólfsson leikari, Jón Þorsteinsson kennari á Akureyri, Regína Þórðardóttir leikkona, Karl Ísfeld ritstjóri og Ragnhildur Ásgeirsdóttir kennari.

Ákveðið var að nota norðlenska raddaða framburðinn í kennslunni en textarnir voru bæði ætlaðir til málkennslu og kynningu á landi og þjóð. Í frétt af upptökunum í *Alþýðublaðinu* segir: „Þessar plötur eru algerlega miðaðar við íslenzkukennslu fyrir útlendinga og því ekki ætlaðar til útbreiðslu hér á landi.“⁹⁵

Íslensku talkennsluplöturnar voru gerðar fyrir tilstilli Björns Björnssonar stórkaupmanns í London, sem hafði frá árinu 1942 gengið með hugmyndina í maganum. Var það fyrir fé hans og fyrirhöfn að útgáfan varð að veruleika.⁹⁶ Þann 1. júlí 1955 var afraksturinn svo settur á markað í 80 löndum en þá voru 12 ár liðin frá því fyrst var farið að huga að útgáfunni. Daginn áður hafði forseti Íslands tekið við fyrsta eintakinu, úr höndum aðalframkvæmdastjóra fyrirtækisins, sem innihélt 16 talkennsluplötur með fylgigögnum.⁹⁷ Ekki var ráðist í að athuga hvernig þessum plötum var tekið erlendis og hafa þessar plötur lítið sést hér á landi.


⁹⁵ *Alþýðublaðið*, 15. janúar 1949, bls. 1.

⁹⁶ *Alþýðublaðið*, 5. júlí. 1955, bls. 4.

⁹⁷ *Alþýðublaðið*, 1. júlí 1955, bls. 7.

7.0 „Íslensk“ hljómplötuútgáfa hefst

Myndrit 3: Heildarútgáfa á íslenskum 78 snúninga plötum eingöngu fyrir íslenskan markað 1910-1958.



Heimild: *Handrit*. Trausti Jónsson og Ólafur Þorsteinsson: Skrá yfir íslenskar 78 snúninga plötur. Maí 2006.

7.1 Nýtt umhverfi

Segja verður að íslensk plötuútgáfa í eiginlegum skilningi hefjist 1952 þegar farið var að gefa út plötur undir íslenskum merkjum án beinnar tengingar við erlend hljómplötufrýrtæki. Þótt ein plata hafi komið út á vegum Íslenskra tóna 1948 var deilt um lögmæti þeirrar útgáfu sem síðar verður greint frá. Því er réttast að miða við árið 1952 þegar marka skal upphafið að endurreisninni í plötuútgáfu á Íslandi. Hljómplatan var flokkuð sem munaðarvara af stjórnvöldum og lengi var 80% innflutningstollur á öllum hljómplötum, nema málakennsluplötum. Árið 1951 var hinsvegar 80% af öllum hljómplötum.⁹⁸ Til samanburðar bar tóbak lengi 10% toll. Á þessu varð breyting árið 1952 þegar tollar á íslenskum hljómplötum voru lækkaðir en

⁹⁸ *Tollskráin 1951*, bls. 53.

lagabreytingar urðu árið 1952. Það ár náðust samningar um lækkun tolla á íslenskum plötum og voru þær þá 20% ódýrari en þær erlendu.⁹⁹ Tollalækkanir eða greiðari aðgangur að gjaldeyri ásamt hinni gríðarlegu eftirspurn sem hafði myndast eftir íslenskum plötum hefur eflaust valdið því hve mikil áhersla hljómplötuútgáfanna var á hina „íslensku“ hljómplötu og því lögð áhersla á íslensk lög og voru textarnir á plötunum nær undantekningarlaust á íslensku.

7.2 Íslenskir tónar

Árið 1947 fór 19 ára Reykvíkingur, Tage Ammendrup, að láta kveða að sér í tónlistarlífi Íslendinga:

Hann var áhugamaður um klassíska tónlist og hafði lært á fiðlu í mörg ár, auk þess sem hann lék á mandolin í Mandolinhljómsveit Reykjavíkur. Hann hafði einnig mikinn áhuga á jazz-tónlist og var opinn og áhugasamur um dægurtónlist.¹⁰⁰

Árið 1947 stofnaði Tage Ammendrup fyrsta íslenska hljómplötuútgáfufyrirtækið, Íslenska tóna, og tók það til starfa 12. apríl. „Ástæða þess að Tage stofnaði plötuútgáfu var ekki síst að sárlega vantaði íslenskar plötur eftir stríð.“¹⁰¹ Hljóðver var sett upp í bakherbergi í Hljóðfæraversluninni Drangey að Laugavegi 58, sem var í eigu fjölskyldu Tage og hafði umboð fyrir útgáfuna. Hljóðverið var 3 sinnum 7 metrar að stærð og að sögn *Alþýðublaðsins* mátti koma þar fyrir allt að sex manna hljómsveit.

Íslenskir tónar var hljóðver rekið með sama sniði og almennt tíðkaðist síðar í hljóðverum. Það var ætlað almenningi, bæði til útgáfu og einkanota. Tage hafði samstarf við norska hljómplötuútgáfufyrirtækið „Norsk Telefunken“ um framleiðslu á þeim plötum sem gefa átti út¹⁰² en frumupptökurnar („masterarnir“) voru sendir til höfuðstöðvanna í Ósló og pressaðir. Hljóðver Tage hefur samt verið ófullnægjandi til plötuútgáfu enda var aðeins ein plata gerð þar til útgáfu, plata Björns R. Einarssonar. Hér er vitnað orðrétt í viðtal við Kristján Kristjánsson í KK sextett þegar hann var spurður um kynni sín af Tage Ammendrup og Íslenskum Tónum:

Hann [Tage] gerði allt sem hann gat fyrir okkur en ... aðstæður voru svo hræðilegar. Við reyndum einu sinni að taka upp, ég man nú ekki hvort það kom einhversstaðar ...

⁹⁹ *Alþýðublaðið*, 7. okt 1952, bls. 1.

¹⁰⁰ *Handrit*. María Ammendrup: Íslenskir Tónar. Ritgerð. Óútgefið.

¹⁰¹ *Handrit*. María Ammendrup: Íslenskir Tónar. Ritgerð. Óútgefið.

¹⁰² *Alþýðublaðið*, 12. apríl 1947, bls. 8.

út, taka upp í stúdíói sem átti að heita stúdíó hjá honum ... en það voru mjög slæmar aðstæður.¹⁰³

Þegar höfundur spurði KK nánar út í stúdíóið svaraði hann „það var þröngt og fínt“ í gamansömum tón.

Í febrúar árið 1947 hóf tímaritið *Jazz* göngu sína sem Tage gaf út frá Drangeyjarútgáfunni og sérhæfði sig í umfjöllun um djass og dægurlög. Árið 1948 breyttist blaðið í almennt tónlistartímarit, *Musica*, með umfjöllun bæði um sígilda tónlist og dægurtónlist og var það gefið út til 1950. Þegar blaðinu var breytt stofnuðu tónlistarmennirnir Hallur Símonarsson og Svavar Gests, *Jazzblaðið* sama ár sem var ætlað að taka við hlutverki *Jazz*. *Jazzblaðið* var svo gefið út fram til 1952.

7.2.1 Björn R. Einarsson og fyrsta plata Íslenskra tóna

Tónlistarlífið fyrst eftir stríð einkenndist mjög mikið af djassi og þá var mikil djassvakning í gangi. Menn reyndu að spila mikinn djass og kom það til vegna áhrifa frá bandarísku hermönnum sem voru hérlandis.¹⁰⁴ Bandaríski herinn flutti með sér hljómplötur hingað til lands, á plötunum var oft djass og vinsæl amerísk dægurlög. Margar af þessum plötum komust í hendur almennings. Þessar plötur hlýddu Björn R. Einarsson og félagar á og reyndu að stæla þær og læra ný lög. Djassblað Tage var einnig afkvæmi jassvakningarinnar.

Í nóvemberblaði *Jazz* 1947 segir í leiðara að tímaritið hafi gengist fyrir útgáfu á fyrstu íslensku djassplötunni sem eigi að koma út eftir áramótin og var hún leikin af Birni R. Einarssyni og hljómsveit. Þessi fyrsta hljómplata Íslenskra Tóna bar útgáfunúmerið IM 1 og innihélt lögin „Christofer Columbus“ og „Summertime“. Upphaflega hafði einungis verið ætlunin að syngja fyrra lagið „Christofer Columbus“ til prufu en til að nýta báðar plötuhliðarnar söng Björn inn lagið „Summertime“ sem hann var nýbúinn að fá.¹⁰⁵ Björn var einmitt kjörinn besti söngvarinn árið 1947 skv. *Jazz* og hljómsveit hans sú besta.¹⁰⁶

Nokkrum mánuðum síðar fékk Björn að heyra reynslueintak af laginu Christofer Columbus og honum tilkynnt að þá væru í framleiðslu á fjórða hundrað eintök af plötunni sem ættu svo að fara í sölu.

¹⁰³ *Viðtal*. Kristján Kristjánsson við höfund, 19. október 2005.

¹⁰⁴ *Viðtal*. Björn R. Einarsson við höfund, 27. apríl 2005.

¹⁰⁵ Svavar Gests: „Ad lib“, bls. 12.

¹⁰⁶ *Jazz*, júní 1947, bls. 10.

Þetta þvertók Björn fyrir, þar sem alls ekki hafði verið gert ráð fyrir slíku auk þess var platan óhæf til sölu vegna algjörlega ófullnægjandi plötuupptöku, og svo var leikur hljómsveitarinnar ekki sem beztur.¹⁰⁷

Þegar Tage Ammendrup sagði að búið væri að pressa plötuna og upplagið yrði ekki afturkallað bauðst Björn til að kaupa allt upplagið en því var hafnað. Plötuupplagið kom svo frá Noregi í nóvember 1948, 338 eintök, og fór í sölu föstudaginn 3. desember, „fyrir okurverð“¹⁰⁸. Björn fékk sett sölubann á plötuna mánudaginn 6. des. og olli hún síðan málaferlum sem stóðu fram til ársins 1952 þegar Hæstiréttur setti endanlegt bann við sölu á plötunni.¹⁰⁹

Þjóðsagan segir að plöturnar hafi einungis verið í sölu fyrir hádegi einn dag en eftir hádegi hafi lögbannið verið komið á og þeir sem hafi náð að kaupa plötuna þá séu þeir einu sem eigi eintök. Þetta er líklega ekki rétt ef marka má frétt *Jazzblaðsins* frá 1950 eftir að málið hafði verið tekið fyrir á fyrsta dómstigi:

Dómsúrskurður í undirrætti féll þó þannig, nú fyrir stuttu, að leyft var að selja það sem eftir var (meiri partinn) af upplagi plötunnar, þar sem Björn hafði ekki tekið *nógu strangt* fram í upphafi að ekki kæmi til mála að selja plötuna.¹¹⁰

Fæðing fyrstu íslensku útgáfuhljómplötunnar var því erfið og virtist sem frumraun Tage Ammendrup væri litin hornauga, a.m.k. af kollegum Björns R. Einarssonar ef marka má grein Svavars Gests í *Jazzblaðinu* frá 1950 en þar endaði grein sem fjallaði um plötuna svo:

Leitt er að svo illa skildi hafa farið með fyrstu plötuna, sem íslensk danshljómsveit leikur á. Þó furðar sennilega enginn sig á slíku, og síst hljómlistarmenn, því að afskipti Ammendrup af tónlistarmálum hér á landi munu ætíð verða honum til háðungar, meðan hugur hans er aðeins bundinn við að græða peninga á kostnað tónlistarinnar.¹¹¹

7.2.2. Plötur Svavars Lárussonar og Sigfúsar Halldórssonar

Ætla mátti að plata Sigfúsar Halldórssonar með „Litlu flugunni“ á útgáfunúmerinu IM 2 væri sú plata sem markaði upphafið að hinni miklu öldu sem var í útgáfu íslenskra platna í upphafi 6. áratugarins. Skv. hljómplötuskrá Jóns R. Kjartanssonar kom platan út árið 1951 og hefur þetta ártal lengi verið haft til

¹⁰⁷ Svavar Gests: „Ad lib“, bls. 12.

¹⁰⁸ Svavar Gests: „Ad lib“, bls. 12.

¹⁰⁹ *Hæstaréttardómar*, bls. 168.

¹¹⁰ Svavar Gests: „Ad lib“, bls. 12.

¹¹¹ Svavar Gests: „Ad lib“, bls. 12.

viðmiðunar. Sannleikurinn er hins vegar sá að plötur Svavars Lárussonar, IM 3 til IM 5, komu á undan plötu Sigfúsar á markað og það í október árið 1952.¹¹²

Svavar Lárusson hafði sungið með danshljómsveitum í Reykjavík um nokkurt skeið, samhliða kennaranámi, þegar Tage Ammendrup kom að máli við hann og bað hann um að syngja inn á nokkrar plötur vorið 1952. Svavar var að fara í útskriftarferð til Danmerkur um sumarið og var ætlunin að nýta ferðina með viðkomu í Ósló og taka upp. Í byrjun júní fór Svavar frá Kaupmannahöfn með skipi til höfuðstöðva Telefunken, Nera. Þar beið hans ein þekktasta danshljómsveit Norðmanna, Sy We La kvintettinn sem átti að spila undir í lögunum. Upptökurnar voru gerðar í skyndi en Svavar þurfti svo að flýta sér aftur til Kaupmannahafnar. Orðrétt segir Svavar svo frá: „Þetta var nú svona hraðsuða á þessu og ... mig minnir að það hafi ekki farið nema einn morgun í að taka ein ... 6 eða 7 lög. Þannig var nú unnið á þeim tíma.“¹¹³

Tage sá eingöngu um lagavalið, en þýskra áhrifa gætti mikið í dægurtónlist á þessum tíma auk þeirra amerísku, einnig var mikið um rómantísk lög og bar lagavalið þess merki. Afraksturinn var svo þrjár plötur sem komu á markað um mánaðarmótin október-nóvember 1952 en *Morgunblaðið* birti tilkynningu 1. nóvember um að fyrstu íslensku plöturnar væru komnar á markað: „Íslenzkir tónar heitir fyrirtæki, sem gefur út um þessar mundir þrjár íslenzkar hljómplötur,- þær fyrstu íslenzku sem út hafa verið gefnar.“¹¹⁴

Viðtökurnar voru góðar og plötunar voru mikið spilaðar í útvarpið þá um veturinn enda hafði lengi verið beðið eftir íslenskum dansplötum. Svavar söng svo inn á tvær plötur árið eftir, hina fyrri með Kvintett Jan Moravek og hina síðari með Kvintett Aage Lorange og voru þær teknar upp í Ríkisútvarpinu. Þegar Svavar var svo við framhaldsnám í Þýskalandi 1954 söng hann inn á fjórar plötur fyrir Íslenska tóna í Ludwigsburg en þá réði hann lagavali sjálfur og varð jafnframt að útvega hljómsveit og upptökuver en allan kostnað greiddi Drangeyjarútgáfan. Ein af þessum plötum var ekki gefin út. Upptökurnar í Þýskalandi voru allar teknar upp með sama hætti og gerðar á einum degi. Lítið er vitað um stærð upplaga á 6. áratugnum en Svavar telur að á þessum tíma hafi þótt gott ef plata seldist í þúsund eintökum og almennt hafi menn ekki farið yfir 1500 eintök.¹¹⁵

¹¹² *Alþýðublaðið*, 30. okt. 1952, bls. 8.

¹¹³ *Viðtal*. Svavar Lárusson við höfund, 22. apríl 2005.

¹¹⁴ *Morgunblaðið*, 1. nóv. 1952, bls. 12.

¹¹⁵ *Viðtal*. Svavar Lárusson við höfund, 22. apríl 2005.

Ekki gerði Tage neinn sérstakan samning við Svavar Lárusson og voru viðskipti þeirra „frekar laus í reipunum“ og hefði Svavar því einnig geta sungið inn á plötur hjá öðrum útgáfufélögum. Sá háttur var hafður á að Svavar fékk eina greiðslu fyrir hverja upptöku og um leið hafði hann afsalað sér öllum réttindum. Ekki var um neinn bónus að ræða ef plötusalan var góð og mun þetta hafa verið algengt á þessum árum. Svavari fannst þetta ágætisbúbót sem námsmanni og þá var tilgangnum náð.¹¹⁶

7.2.3. Platan „Ég vild’ ég væri“ brotin í beinni útsendingu

Ein af mest umtöluðu hljómplötum 6. áratugarins er „Ég vild’ ég væri“ sem var ein af fyrstu plötum Svavars Lárussonar, tekin upp í Ósló. Þessi plata vakti mikla athygli vegna örlaga hennar í þætti í Ríkisútvarpinu. Er því sögð saga hennar hér.

Benedikt Gröndal, síðar forsætisráðherra, var með vinsælan útvarpsþátt, Óskastundina. Svo bar það við að systir Benedikts sem var kunnug Svavari kom að máli við hann og færði honum texta eftir bróður sinn, Benedikt, með kveðju og ósk frá honum að syngja textann inn á plötu ef til kæmi. Textinn var saminn við vinsælt dægurlag frá þessum tíma og söng Svavar lagið í Gúttó í byrjun og varð það fljótt vinsælt. Sérstaklega vakti orðskrípið hænuhanagrey athygli í textanum og hvað það ætti að þýða. Platan var tekin upp og sett í sölu og varð fljótt vinsæl og fékk nokkra spilun í útvarpinu. Benedikt lét svo fara fram könnun í sínum þætti um vinsælasta og óvinsælasta lagið en sú plata yrði svo brotin. Benedikt lét þess þó aldrei getið að hann væri sjálfur höfundur textans og héldu margir að Svavar hefði sjálfur samið textann og Svavari sárnaði þetta og fannst þetta leiðinlegt.¹¹⁷

Áðurnefnt lag, „Ég vild’ ég væri“, reyndist vera í öðru sæti yfir þau lög sem menn vildu helst heyra en í fyrsta sæti yfir þær plötur sem menn vildu helst fá brotna í útsendingu. Gengu m.a. undiskriftarlistar í Reykjavík sem hátt á annað hundrað manns undirrituðu og fóru fram á að þessi plata yrði brotin. Fór svo að hluti lagsins var spilaður í þættinum og platan síðan brotin við hljóðnemann.¹¹⁸

7.3 Hljóðritanir Ríkisútvarpsins

Íslensku hljómplötuútgáfunar tóku upp mest af sínu efni í útvarpinu þótt Fálkinn hafi verið duglegur að láta hljóðrita erlendis. Aðstæður þættu frumstæðar í dag en

¹¹⁶ Viðtal. Svavar Lárusson við höfund, 22. apríl 2005.

¹¹⁷ Viðtal. Svavar Lárusson við höfund, 22. apríl 2005.

¹¹⁸ *Alþýðublaðið*, 24. mars 1953, bls. 8.

vafalaust hafa menn ekki haft neinn samanburð við útvarpið. Þó má finna ýmsar frásagnir um þetta, bæði samtímaheimildir og endurminningar. Guðrún Á. Símonar, söngkona, hafði margoft tekið upp plötur í útvarpinu þegar Fálkinn sendi hana til London að taka upp hjá “His Masters’s Voice” árið 1957. Guðrún segir svo frá aðstæðum í London: „Þegar þeir voru að taka upp, var maður við mann, einn sá um þennan takka, annar sá um hinn takkann, einn sá um nóturnar, hvort ég færi upp eða niður ...“¹¹⁹ Áfram segir Guðrún orðrétt:

Mér fannst stórkostlegt að uppgötva þetta, því ég var búinn að venjast öðru í Ríkisútvarpinu. Því miður verð ég að segja það, þó að mér þyki afar vænt um Ríkisútvarpið ... að það eru mikil viðbrigði, hvernig þeir taka upp. Hér er kannski einn maður, sem situr við alla takka, og það er sama hvort maður fer upp eða niður, það skiptir engu máli,- og svo er kannski einn, sem á að hlusta, en hann þarf þá að skreppa út, þegar hann ætti að vera að hlusta.¹²⁰

Sigurður Ólafsson, söngvari, sagði einnig frá upptökuaðstæðum útvarpsins á sjötta áratugnum, þegar hann hóf sinn plötuferil, í blaðaviðtali frá 1973. Lýsir hann svo muninum þá og fyrr:

Þegar sungið er inn á plötu núna, er hægt að syngja lagið aftur og aftur án þess nokkurn tíma að sjá undirleikarana. Mér finnst þetta svolítið ólífrænt. En árangurinn er mun betri, en þegar maður var að syngja inn á hráplötturnar í gamla daga. Aðstaðan var mjög slæm þá. Það voru kannski tveir og stundum þrír menn að rífast um einn hljóðnema og ef eitthvað gekk úrskeiðis, var sú upptaka ónýtt.¹²¹

Þegar Sigurður talar um gömlu hráplötturnar vísar hann til þess að ekki var aðstaða til að klippa saman upptökurnar og taka upp á fleiri en eina rás en oft hefur aðeins verið tekið upp í einn hljóðnema eða fáa. Mikið lá þess vegna við að menn væru vel undirbúnir, svo fæstar upptökur þyrfti fyrir hvert lag til að spara tíma, peninga og vinnu.

Kristján Kristjánsson, í KK-sextett, segir að um miðjan 6. áratuginn hafi yfirleitt bara verið tekið upp í einn míkrofón í útvarpinu sem söngvari og hljómsveit deildu. Nær allar íslensku 78 snúninga plöturnar innihalda óklippt efni eða það sem myndi nefnast „live“ upptökur á ensku. Mismunandi var samt hversu oft þurfti að taka upp þangað til viðunandi útkoma fékkst en algengt var að taka upp 3.-4. sinnum.¹²²

Í viðtali segir KK að það hafi verið mjög misjafnt hve oft var tekið upp, honum skildist hann vera mjög krítískur að mati hljómsveitarmeðlima: „Þeim fannst

¹¹⁹ Gunnar M. Magnúss. *Guðrún Á. Símonar*, bls. 127.

¹²⁰ Gunnar M. Magnúss. *Guðrún Á. Símonar*, bls. 128.

¹²¹ Trausti Ólafsson: „Hófaslöginn háttum bundin hrynja að söngrodd gleðimanns“, bls. 27.

¹²² *Viðtal*. Kristján Kristjánsson við höfund, 19. október 2005.

stundum ómögulegt hvað ég ... tók aftur og aftur upp, líkaði ekki eitthvað.“ KK segir svo enn fremur orðrétt: „Ég lagði alltaf mesta áherslu á t.d. með söngvarana að þeir væru mjög framarlega og benti þeim alltaf á Sinatra ... þar væri söngurinn aðal atriðið ... en undirspilið var bara undirspil, en upptökumennirnir voru ekki á sama máli. Þeir vildu láta allt vera jafnt.“¹²³

Þrátt fyrir að útbúnaður útvarpsins til hljóðritunar hafi verið frumstæður þarf þó ekki að vera að hann hafi verið með versta móti. Í frétt í *Alþýðublaðinu* af heimsókn forstjóra stærsta plötuútgáfufyrirtækis Norðmanna hingað til lands árið 1953 er farið lofsamlegum orðum um upptökumál útvarpsins og þar segir orðrétt: „Er forstjóri Nera var hér á ferðinni í fyrri viku, var hann viðstaddur upptöku á hljómplötu í Ríkisútvarpinu, og bar hann mikið lof á útbúnað útvarpsins og á upptökuna, og jafnframt lauk hann lofsorði á lipurð og getu magnaravarðanna.“¹²⁴

Trúlega hafa flestir sætt sig við oft á tíðum frumstæða upptökutækni hér á landi. Margir listamannanna hafa eflaust lítið þekkt til aðstæðna annars staðar auk þess sem þeir máttu í raun þakka fyrir að eitthvað væri tekið upp hérlandis yfirleitt.

7.3.1 Bannaðar plötur

Fyrir kom að plötur væru bannaðar hjá útvarpinu. Frá því er greint í *Alþýðublaðinu* 1957 að plata Erlu Þorsteinsdóttur *Vagg og velta* hafi verið bönnuð en hún var jafnframt fyrsta íslenska rokkplatan sem gefin var út. Í textanum er m.a. að finna brot úr þekktum þjóðvísum og mun það hafa farið svo fyrir brjóstið á mönnum að platan var bönnuð. Platan var þá þegar orðin mjög vinsæl hér á landi. Plata Erlu var þó ekki fyrsta platan sem bönnuð var hjá Ríkisútvarpinu því áður höfðu plötur með Hallbjörgu Bjarnadóttur og Hauki Morthens hlotið sömu örlög. Platan með Hauki innihélt lagið „Kaupakonan hans Gísli í Gröf“ en þar kom fyrir orðið „þingó“ sem virðist hafa verið orsök bannsins.¹²⁵ Á eintak útvarpsins af plötu Erlu, „Vagg og veltu“ hefur verið skrifað með krít: „Má ekki spila, útvarpsstjóri.“ Einnig er vitað að lag Skafta Ólafssonar með laginu „Allt á floti“ var bannað vegna tvíræðni í texta er varðaði eiginkonu sögupersónu lagsins.


¹²³ *Viðtal*. Kristján Kristjánsson við höfund, 19. október 2005.

¹²⁴ *Alþýðublaðið*, 18. ágúst 1953, bls. 8.

¹²⁵ *Alþýðublaðið*, 12. apríl 1957, bls. 2.

Velta má fyrir sér hvort Ríkisútvarpið hafi verið úr hófi fram ströng stofnun varðandi hvað var leikið í útvarpi. Í dag teldist þetta sjálfsagt óþarfa smámunasemi og ritskoðun.

Myndrit 4: Íslenskum 78 snúninga plötum raðað eftir útgáfufyrirtækjum.



Heimild: *Handrit*. Trausti Jónsson og Ólafur Þorsteinsson: Skrá yfir íslenskar 78 snúninga plötur. Maí 2006.

7.4 Hljóðfæraverslun Sigríðar Helgadóttur

Árið 1938 keypti Sigríður Helgadóttir Hljóðfæraverslun Katrínar Viðar í Lækjargötu í Reykjavík. Áður hafði hún keypt og rekið Hattaverslun Margrétar Leví og nú voru verslanirnar sameinaðar undir nafninu Hatta- og hljóðfæraverslun Sigríðar Helgadóttur. Hljóðfærasalan hefur líklega gengið betur en hattasalan og síðar styttest nafnið í Hljóðfæraverslun Sigríðar Helgadóttur sem var skammstafað HSH.¹²⁶

¹²⁶ *Uppflettiforrit*. Bárður Örn Bárðarson: „Hljóðfæraverslun Sigríðar Helgadóttur“.

Guðmundur Guðmundsson var mágur Sigríðar og aðstoðaði hana með útgáfumál fyrirtækisins. Guðmundur sagði í viðtali við höfund að það hefði verið miklum vandkvæðum bundið að fá innflutningsleyfi og gjaldeyrisleyfi fyrir hljómplötur en þær höfðu verið álitnar „alger lúxusvara“.¹²⁷

Það var svo fyrir tilstilli Guðmundar að Hljóðfæraverslun Sigríðar Helgadóttur gaf út sínar fyrstu íslensku hljómplötur. Guðmundur var í vinskapi við nafna sinn Jónsson, söngvara, og samdi við hann um að út yrðu gefnar þrjár plötur með honum sem komu á markað í febrúar 1949. Þær upptökur voru teknar upp í útvarpinu og eru líklega frá árinu 1945. Þess vegna hefur lengi verið talið að plöturnar hafi komið út það ár. Blaðatilkynning um plöturnar í *Alþýðublaðinu* frá 8. febrúar 1949 leiðréttir þann misskilning.¹²⁸ Síðar nýtti Guðmundur sér kunningsskap við Jakob Hafstein, einn meðlima M.A.-kvartettsins, og gekk frá samningum um útgáfu á fjórum plötum með kvartettinum.¹²⁹ Þær upptökur voru úr eigu útvarpsins og teknar upp 1942 en útgáfudagur þeirra hefur einnig verið á reiki. Frétt í *Morgunblaðinu* frá 7. febrúar 1951, undir fyrirsögninni „Komnar hljómplötur með M.A. kvartettinum í fyrsta sinn“¹³⁰, leysir úr þeirri óvissu. Útvarpið hafði áður reynt að setja upptökur þessar með M.A.-kvartettinum í fjöldapressun og vegna samgönguerfiðleika við England í stríðinu höfðu upptökurnar verið sendar til „Bost Records“ í Bandaríkjunum árið 1945. Viðskipti útvarpsins og fyrirtækisins fóru út um þúfur, m.a. vegna óánægju með gæði plötuframleiðslunnar.¹³¹

Fyrstu sjö plöturnar sem HSH gaf út voru með Guðmundi Jónssyni og M.A.-kvartettinum. Þær voru pressaðar hjá HMV í Englandi en Fálkinn hafði umboðið fyrir það merki hérlandis. Guðmundur fór því á fund Haraldar Ólafssonar, forstjóra Fálkans og „aðal keppinautarins“, til að fá leyfi fyrir innflutningnum. Guðmundur segir leyfið hafa verið veitt góðfúslega og finnst það merkilegt í ljósi samkeppninnar.

Ekki minnst Guðmundur þess að mikið hafi verið um skriflega samninga þegar plötur voru gefnar út á vegum HSH en hann telur að a.m.k. hafi verið gerður skriflegur samningur um útgáfu á M.A.-kvartettinum og þar mun hafa verið kveðið á um prósentur vegna sölu.¹³² Þessar fyrstu plötur HSH nutu gríðarlegra vinsælda og seldust vel. Árið 1953 komu svo út plötur undir merkjum HSH en það var djassplata

¹²⁷ *Heimildarmenn*. Guðmundur Guðmundsson starfsmaður HSH.

¹²⁸ *Alþýðublaðið*, 8. feb. 1949, bls. 8.

¹²⁹ *Heimildarmenn*. Guðmundur Guðmundsson starfsmaður HSH.

¹³⁰ *Morgunblaðið*, 7. feb. 1951, bls. 2.

¹³¹ *Þjask.* Ríkisútvarp. 1987-DC/17. Bréfasamskipti milli útvarpsins og Bost Records.

¹³² *Heimildarmenn*. Guðmundur Guðmundsson starfsmaður HSH.

með Birni R. Einarssyni sem reið á vaðið. Útgáfan einbeitti sér að léttri dans- og dægurtónlist og stóð ekki fyrir útgáfu á klassísku efni. Endurspeglar það án efa þá miklu eftirspurn sem var eftir dægurtónlist á þessum tíma.

7.4.1 Adda Örnólfsdóttir

Arnbjörg Auður Örnólfsdóttir, Adda Örnólfs, var ein aðal stjarna HSH útgáfunnar. Upplýsingar sem koma fram í þessum kafla eru að mestu úr viðtali höfundar við söngkonuna. Adda var uppgötvuð 18 ára á tónleikum sem voru nokkurskonar hæfileikapróf eða „Idol“ keppni þess tíma sem Kristján Kristjánsson í KK-sextett stóð fyrir árið 1953 í Tjarnarkaffi. Þess má geta að á þessum tónleikum söng önnur ung stúlka sem átti eftir að láta mikið að sér kveða seinna, Ellý Vilhjálmsdóttir.

KK auglýsti skömmu áður eftir söngvurum að syngja á tónleikum. Adda mætti í Tjarnarkaffið, og söng tvö lög. Nokkrum dögum seinna hringir KK svo í Öddu og tilkynnir henni að hann hafi auglýst hana á tónleikum 18. ágúst á miðnæturtónleikum í Austurbæjarbíói með KK-sextett. Adda mætti á tónleikana og var síðust af 10 söngvurum. Hún var sú eina sem var klöppuð upp og þetta kvöld var söngferill hennar hafinn. Í upphafi átti Adda mestri velgengni að fagna af þessum söngvarahóp en um 1960 fór að bera meira á Ellý Vilhjáms. Af öðrum söngvurum komst Ólafur Briem inn á plötur og þá einungis í söngduett með Öddu.

Strax um veturinn hóf Adda að syngja við ýmis tækifæri og á böllum með KK-sextettinum. Einnig söng Adda með ýmsum öðrum hljómsveitum árin á eftir. Þennan vetur söng Adda einnig inn á sínar fyrstu plötur. Adda var ánægð með þóknun fyrir sönginn og var nóg að gera. Hún var samt alltaf í fastri vinnu hjá Almenna byggingarfélaginu á daginn. Sem dæmi var hún með um 1700 kr. í mánaðarlaun en fékk á meðan um 500 kr. fyrir kvöldið sem söngvari. Adda tók einnig þátt í nokkrum SKT (skemmtiklúbbur templara) dægurlagakeppnum, t.d. söng hún lagið „Kom þú til mín“ árið 1954 sem fór á plötu.

Öddu minnir að Svavar Gests hafi átt þátt í fyrstu plötunni sem hún söng inn á. Ef svo er mun fyrsta platan hennar vera sungin inn fyrir Tónika-útgáfuna ásamt Ólafi Briem með lögnum „Íslenskt ástarljóð“ og „Indæl er æskutíð“. Plöturnar voru teknar upp í útvarpinu en orðrétt segir Adda í viðtali:

Við fengum einhverjar æfingar en ég held að þetta hafi nú verið svakalegt hálfkák á þessu ... Þetta var heilmikið stress að vera að syngja með þessari, með svona stórrí

hljómsveit eða hvaða hljómsveit sem þetta hefur svo sem verið, allt tekið upp í einu og ég hafði það nú á tilfinningunni að það var ekki kannski nógu mikið hlustað á okkur söngvarana. Því að ég heyri þarna mistök.¹³³

Þegar Adda hóf að syngja inn á plötur fyrir HSH hafði hún þegar sungið inn eina plötu fyrir Tónika. Adda upplifði nokkra eftirvæntingu eftir fyrstu plötunum sínum. Þær voru vel auglýstar enda lítið framboð af íslenskum dægurlagaplötum. Þrátt fyrir þetta var þóknunin lág fyrir upptökurnar, aðeins eingreiðsla og enginn sölutengdur bónus fyrir góða sölu.

Adda fór á samning hjá HSH og var því óheimilt að syngja á plötur fyrir aðrar plötuútgáfur og meira að segja reyndi á þann samning síðar þegar Tage Ammendrup bauð Öddu að syngja á plötu fyrir Íslenska tóna en því var hafnað af forsvarsmanni HSH.

7.5 Hljóðfærahús Reykjavíkur

Vinsældir hinnar íslensku hljómplötu höfðu einnig áhrif á Hljóðfærahús Reykjavíkur. Árið 1953 gaf fyrirtækið út sínar fyrstu plötur undir eigin merki, HR, og voru það þrjár sálmaplötur sungnar af séra Þorsteini Björnssyni, fríkirkjupresti í Reykjavík. Líklega komu svo tvær sálmaplötur í viðbót á markaðinn árið 1956 með Þorsteini. Alls gaf því Hljóðfærahúsið út fimm plötur undir eigin merki.¹³⁴

Ákaflega lítið er til af heimildum um HR en heimildir frá listamönnum benda til að fyrirtækið hafi átt frumkvæði að útgáfu hljómplatna. Það var dönsk kona, Anna Friðriksson, sem stofnaði fyrirtækið árið 1926 og verslaði í upphafi eingöngu með hljóðfæri og nótur.¹³⁵ Fyrirtækið hafði umboð fyrir Polyphon en félagið hafði útibú í Kaupmannahöfn. Alls komu út 86 íslenskar 78 snúninga plötur undir merkjum Polyphon og má álykta að HR hafi komið að útgáfunni að stórum hluta þótt höfundur hafi ekki fundið heimildir sem skýra að fullu samstarf fyrirtækisins og Polyphon-félagsins. Líklega hefur þó sami háttur verið hafður á og um plötur SG að félagið hefur borið mestan kostnað af upptökum og séð um að velja listamenn í samstarfi við Hljóðfærahúsið. Verslunin hefur svo keypt af félaginu plötur til sölu í verslun sinni. Sumar heimildir benda jafnvel til þess að félagið hafi sjálft valið íslenska listamenn til

¹³³ *Viðtal*. Arnbjörg Auður Örnólfsdóttir við höfund, 14. okt. 2005.

¹³⁴ *Handrit*. Trausti Jónsson og Ólafur Þorsteinsson: Skrá yfir íslenskar 78 snúninga plötur. Maí 2006.

¹³⁵ Gunnar Lárus Hjálmarsson: *Eru ekki allir í stuði?*, bls. 32.

útgáfu. Í frétt *Alþýðublaðsins* sumarið 1929 um komu forstjóra Polyphon hingað til lands segir:

Forstjóri „Polyphon“-fjelagsins á Norðurlöndum, Axel Jensen kom hingað með „Íslandi“ á sunnudaginn. Hann var viðstaddur hljómléika Sig. Skagfield í fyrirakvöld og notaði þá tækifærið að ráða Sigurð til að syngja 12 lög á grammófón á næstunni. Áður hefur Sigurður sungið 22 lög á plötur þessarar verksmiðju.¹³⁶

Hljóðfærahúsið vildi einnig koma að útgáfu hljómplatna í tilefni af Alþingishátíðinni en í júní 1930 auglýsti verslunin nokkrar plötur með lögum sem yrðu sungin á Alþingishátíðinni.¹³⁷

Eins og áður sagði fundust fáar heimildir um starfsemi Hljóðfærahússins og er það verðugt verkefni að rannsaka nánar. Virðist sem hlutur fyrirtækisins hafi verið nokkuð stór í hljómplötuútgáfu hér á landi.

7.6 Af Músikbúðinni og hljómplötueinokun

Félagarnir Svavar Gests og Kristján Kristjánsson, tónlistarmenn, stofnsettu hljóðfæraverslunina Músikbúðina í Hafnarstræti 8 í Reykjavík haustið 1952. Þeir höfðu þekkt frá árinu 1944 og leikið saman í hljómsveit. Árið 1946 fóru þeir saman í nám til Bandaríkjanna og stunduðu hljóðfæranám í „Juilliard School of Music“ í New York. Þegar heim var komið haustið 1947 stofnuðu þeir félagar hina vinsælu dægurlagahljómsveit KK-sextett, sem átti eftir að láta mikið að sér kveða.

Það var hins vegar vandkvæðum bundið að hefja hljómplötuverslun á þessum tíma vegna gjaldeyrishafta og í ævisögu sinni segir Svavar Gests:

Við gleymdum því auðvitað að gjaldeyrisforði þjóðarinnar var enn í lágmarki og það þurfti að knýja á ýmsar dyr og helst að þekkja persónulega ákveðna aðila ætti að fást leyfi fyrir innflutningi á hljóðfærum og hljómplötum.¹³⁸

Gjalderyrisskortur var ekki eina vandamál þeirra sem hugðust hasla sér völl í hljómplötuverslun. Hljómplötuútgefendur stóðu einnig í veginum. Svavar heldur áfram:

Sölufyrirkomulag á íslenskum hljómplötum var furðulegt á þessum tíma. Fálkinn, sem var eina fyrirtækið sem gaf út íslenskar plötur, var einn um markaðinn í Reykjavík. Þetta var einokunarverslun eins og hún gerist verst og það á miðri tuttugustu öldinni því Fálkinn seldi alls ekki öðrum verslunum í Reykjavík útgáfuplötur sínar í heildsölu svo þær gætu selt þær í smásölu. Sama átti við um þær erlendu plötur sem Fálkinn flutti inn.¹³⁹

¹³⁶ *Morgunblaðið*, 10. júlí 1929, bls. 3.

¹³⁷ *Vísir*, 16. júní 1930, bls. 4.

¹³⁸ Svavar Gests: *Hugsað upphátt*, bls. 176.

¹³⁹ Svavar Gests: *Hugsað upphátt*, bls. 176.

Íslenskir tónar vildu heldur ekki selja Músikbúðinni plötur¹⁴⁰ og sáu þeir Svavar og Kristján sér ekki annað fært en að hefja útgáfu á íslenskum plötum ef tryggja ætti hinni nýju verslun rekstrargrundvöll.

7.6.1 Tónika

Fyrstu hljómplötturnar sem Músikbúðin gaf út komu á markað snemma árs 1954 og fékk útgáfan nafnið Tónika.¹⁴¹ Svavar og Kristján komust í samband við umboðsmann Philips á Íslandi sem var svo milligöngumaður um að senda upptökurnar til fjölföldunar í Hollandi. Alls voru gefnar út 22 plötur undir merki Tónika¹⁴² árin 1954 til 1955. Sjálfur segir Svavar svo frá fyrirkomulagi útgáfunnar:

Verkaskipting okkar Kristjáns varðandi útgáfuna var sú að hann sá um hljóðfæraleik og útsetningar og lék KK-sextettinn undir söng á nokkrum plötum en síðan fékk hann aðra, eftir því sem á þurfti að halda, til að útsetja og annast undirleik. Hann var viðstaddur allar hljóðritanir og hafði endanlegt úrslitavald varðandi gæði hljóðfæraleiks og söngs.¹⁴³

Svavar valdi svo flytjendur og lög og lét gera íslenska texta ef um erlend lög var að ræða. Allar upptökur voru gerðar í Ríkisútvarpinu og plöturnar voru svo flestar gefnar út í 500 plötu upplagi. Vegna fyrirkomulags á dreifingu bar markaðurinn ekki fleiri plötur. Þeir Tónika-menn höfðu sama hátt og keppinautarnir og seldu aðeins plöturnar í verslun sinni, Músikbúðinni.

Rekstur Músikbúðarinnar gekk ekki sem skyldi og kvað Svavar orsakirnar vera innflutningshöft og það hve tónlistarstarf þeirra Kristjáns var sett frammar kaupmennskunni. Verslunin var lögð niður 1956 og komust þeir félagar naumlega hjá gjaldþroti með því að selja Fálkanum plötulagerinn og útgáfuréttinn á plötunum.¹⁴⁴

7.7 Hljómplötudeild Fálkans

Ekki verður komist hjá því að minnst á Fálkann þegar fjallað er um brautryðjendastarfsemi í íslenskri hljómplötuútgáfu. Fálkinn var stofnaður 1904 og

¹⁴⁰ Svavar Gests: *Hugsað upphátt*, bls. 177.

¹⁴¹ Svavar Gests: *Hugsað upphátt*, bls. 178.

¹⁴² *Handrit*. Trausti Jónsson og Ólafur Þorsteinsson: Skrá yfir íslenskar 78 snúninga plötur. Maí 2006.

¹⁴³ Svavar Gests: *Hugsað upphátt*, bls. 177.

¹⁴⁴ Svavar Gests: *Hugsað upphátt*, bls. 180.

var upphaflega hjólreiðaverkstæði en þróaðist með tímanum og sinnti ýmiss konar starfsemi þegar á leið.¹⁴⁵

Árið 1925 hóf Fálkinn innflutning á um 700 hljómplötum og var það mest fyrir tónlistaráhuga Haraldar Ólafssonar síðar forstjóra fyrirtækisins. Þessar plötur innihéldu að nær öllum hluta klassíska tónlist. Grammófónar voru til víða á efnaheimilum en þá var Ríkisútvarpið ekki enn komið á laggirnar. Fálkinn hóf fljótlega að selja grammófóna meðfram hljómplötusölunni. Árið 1930 varð sá merkilegi atburður í sögu Fálkans að fyrirtækið gaf út sínar fyrstu íslensku hljómplötur en þá voru fengnir hingað tæknimenn frá „Columbia records“ í Englandi til að taka upp plötur í tilefni af Alþingishátíðinni.¹⁴⁶ Afrakstur þessa framtaks var útgáfa á 40 hljómplötum með blönduðu efni og hafa þær verið nefndar Alþingishátíðarplötturnar.

Þann 13. desember 1950 opnaði Fálkinn nýja hljómplötudeild í húsakynnum sínum við Laugarveg 24. Verslunin var einstaklega glæsileg og hafði á boðstólum um 30.000 plötur. Þar gátu viðskiptavinir hlustað á það sem í boði var í tveimur sérstaklega einangruðum hlustunarklefum.¹⁴⁷

Árin 1951 og 1952 gaf Fálkinn út alls 21 hljómplötu, með sígildu efni,¹⁴⁸ og var það hluti af miklum uppgangi sem íslensk plötuútgáfa hóf um það leyti. Fálkinn fór ekki varhluta af íslensku plötubyltingunni. Fálkinn hafði alltaf fyrst og fremst helgað sig útgáfu á klassískum plötum. En eftir að íslensku plötuútgáfurnar fóru að spretta upp ein af annari var ljóst að Fálkinn varð að bregðast við samkeppninni með einhverjum hætti. Í viðtali *Alþýðublaðsins* við Harald Ólafsson forstjóra Fálkans í apríl 1957 segir hann: „Snéri fyrirtækið sér ekki að útgáfu slíkra platna [dans- og dægurlög] fyrr en önnur fyrirtæki höfðu sinnt þeirri starfssemi um hríð og viðskiptavinir Fálkans spurðu í æ ríkari mæli eftir dans- og dægurlögum.“¹⁴⁹ Árið 1954 breytti Fálkinn áherslum sínum í útgáfumálum og hóf að gefa út dans- og dægurlög af krafti.

¹⁴⁵ Viðar Pálsson: *Ágrip af sögu Fálkans*, bls. 3.

¹⁴⁶ Viðar Pálsson: *Ágrip af sögu Fálkans*, bls. 21.

¹⁴⁷ *Alþýðublaðið*, 13. des. 1950, bls. 8.

¹⁴⁸ *Handrit*. Trausti Jónsson og Ólafur Þorsteinsson: Skrá yfir íslenskar 78 snúninga plötur. Maí 2006.

¹⁴⁹ *Alþýðublaðið*, 12 apríl 1957, bls. 2.

7.7.1 Haukur Morthens

Haukur Morthens, söngvari, var útspil Fálkans til að hasla sér völl á dægurlagamarkaðinum en það hafði sýnt sig að gríðarleg eftirspurn var eftir íslenskum dægurlagaplötum þegar Íslenskir tónar hófu starfsemi sína. Haraldur Ólafsson forstjóri Fálkans hafði mikinn áhuga og metnað í útgáfumálum og samdi við Hauk um að syngja inn á þrjár plötur, sex lög, í upphafi. Plöturnar voru teknar upp í Ríkisútvarpinu¹⁵⁰ en allar aðrar 78 snúninga plötur Hauks voru teknar upp í Kaupmannahöfn og var hann samningsbundinn Fálkanum. Í apríl 1954 fór Haukur í hljótleikaferð með KK-sextettinum um Noreg og Danmörku. Í Kaupmannahöfn átti Haukur svo að syngja sex lög fyrir Fálkann. Undirleik annaðist hinn þekkti danski gítarleikari Jörn Grauengård og tríó¹⁵¹ og var það upphafið að góðri samvinnu hans og Hauks en Grauengård lék undir á flestum útgáfuplötum Hauks.

Fálkinn veðjaði á réttan hest og plötur Hauks nutu gríðarlegra vinsælda og seldust vel. Í blaðafrétt haustið 1955 er sagt að plötur Hauks hafi selst mjög vel og þá sérstaklega „Bjössí á mjólkurbílnum“ og „Ég er kominn heim í heiðardalinn“, hafði hin síðarnefnda selst upp fjórum sinnum og Fálkinn ekki haft við að panta hana.¹⁵²

7.7.2 Íslenski lævirkinn

Það voru Danir sem uppgötvuðu aðra helstu stjörnu Fálkans, Erlu Þorsteinsdóttur, sem þá var búsett og trúlofuð í Danmörku. Erla kom fram í útvarpsþætti í Danmörku í febrúar 1954 þar sem hún söng og lék sjálf undir á gítar. „Strax að lokinni útsendingu birtust tvær greinar um hana í dönskum blöðum. Þar var henni hælt á hvert reipi ...“¹⁵³ Í kjölfar athyglinnar bauð *Odeon* í Kaupmannahöfn henni að taka upp tveggja laga plötu. „Haraldur Ólafsson í Fálkanum fékk ávæning af frama þessarar íslensku stúlku og gerði samning við *Odeon* að annast upptökur með henni fyrir íslenskan markað. Þar með hófst upptökuferill Erlu Þorsteinsdóttur.“ Erla tók upp þrjár plötur árið 1954 og svo fjórar plötur árið 1956 og það ár var hún kominn á hátind ferils síns. Í frétt í *Alþýðublaðinu* frá febrúar 1957 má lesa:

Erla Þorsteinsdóttir, „íslenzki lævirkinn“, sem Danir kalla svo, mun hafa verið vinsælasti dægurlagasöngvarinn hér á síðastliðnu ári, enda þótt hún búi erlendis. Að

¹⁵⁰ *Alþýðublaðið*, 2. júní 1954, bls. 8.

¹⁵¹ *Alþýðublaðið*, 2. júní 1954, bls. 8.

¹⁵² *Alþýðublaðið*, 9. sep. 1955, bls. 3.

¹⁵³ Jónatan Garðarsson: „Stúlkan með lævirkjaröddina“, bls.

minnstakosti seldust plötur hennar mest af plötum þeim sem íslenskir dægurlagasöngvarar sungu inn á sl. ár.¹⁵⁴

Söngferill Erlu varð ekki langur spannaði aðeins 5 ár frá því fyrsta plata hennar kom út árið 1954 til þeirrar síðustu frá árinu 1959 en það ár lagði hún sönginn á hilluna.

7.7.3 Guðrún Á. Símonar

Hljómplötur Guðrúnar Á. Símonar sem teknar voru upp vorið 1957 voru glæsileg skrautfjöður í hatt Fálkans. Íslensk hljómplötuútgáfa hafði líklega aldrei staðið fyrir jafn viðamiklum og metnaðarfullum upptökum. Guðrún hafði fengið tilboð í ársbyrjun sama ár, að syngja sex lög inn á plötur, frá Haraldi Ólafssyni forstjóra Fálkans. Afraksturinn var svo þrjár 78 snúninga plötur og voru þær teknar upp hjá “His Masters’ Voice” í Lundúnum.¹⁵⁵ Lögin voru bæði erlend og íslensk sungin við undirleik stórhljómsveitar. Haraldur fór sjálfur út til að vera viðstaddur upptökurnar og fylgja þeim eftir.¹⁵⁶ Í ævisögu sinni segir Guðrún Harald hafa kynnt sig fyrir hljómsveitarstjóranum Johnny Gregory og síðan lýsir hún aðstæðum á upptökustað svo hljóðandi:

Svo var byrjað að æfa. Þarna var 25 manna hljómsveit, mjög færir menn. Þegar þeir voru að taka upp, var maður við mann, einn sá um þennan takka, annar sá um hinn takkann, einn sá um nóturnar, hvort ég færi upp eða niður, - það var allt iðandi af fólki í kring um mig. Heldurðu að það sé munur að taka svona upp. Þetta varð líka fyrsta flokks upptaka.¹⁵⁷

7.8 Helstu vinsældarplötur 6. áratugarins

Engar tæmandi sölutölur liggja fyrir frá íslensku útgáfufyrirtækjunum. Mismunandi merki var þrykkt í lakkið og plötumiðana sem gefnar voru út frá HMV og hefur út frá því verið hægt að telja upplög, sé gengið út frá því að hvert upplag hafi séreinkenni. Engin einkenni á upplögum finnast á plötum frá Íslenskum tónum, HSH, Tónika og HR, nema mismunandi útlit og litir á plötumiðunum sjálfum. Þetta þýðir að engar áreiðanlegar heimildir eru til um metsöluplötur 6. áratugarins. Höfundur gerði tilraun til að fá einhverja mynd af söluhæstu plötum áratugarins með lauslegri könnun á því hvaða plötur hafa verið mest í umferð. Könnunin styðst við talningarlista á 78

¹⁵⁴ *Alþýðublaðið*, 6. feb. 1957, bls. 8.

¹⁵⁵ Gunnar M. Magnúss: *Guðrún Á. Símonar*, bls. 126.

¹⁵⁶ Gunnar M. Magnúss: *Guðrún Á. Símonar*, bls. 128.

¹⁵⁷ Gunnar M. Magnúss: *Guðrún Á. Símonar*, bls. 127.

snúninga plötum í Ríkisútvarpinu frá 1990.¹⁵⁸ Þótt könnunin sé allsendis óvísindaleg telur höfundur að listinn sém hér fer á eftir sé ekki alrangur. Þá telur höfundur öruggt að plötur M.A.- kvartettsins séu langsöluhæstu plötur 6. áratugarins. Sjö mismunandi einkenni af plötunni „Laugardagskvöld“ hafa fundist og gríðarlegt magn af plötunni hefur verið í umferð. Hér á eftir kemur áætlun höfundar:

Metsöluplötur 6. áratugarins?

	Flytjandi	Lög	Útgáfuár
1.	M.A.- kvartettinn	Laugardagskvöld - Næturljóð	1951
2.	M.A.- kvartettinn	Mansöngur - Upp til fjalla	1951
3.	M.A.- kvartettinn	Rokkarnir eru þagnaðir - Kvöldljóð	1951
4.	Guðrún Á. Símonar	Þín hvíta mynd - Malaguena	1957
5.	Ingibjörg Þorbergs	Pabbi minn - Móðir mín	1954
6.	Guðmundur Jónsson	Heims um ból - Lofsöngur	1954
7.	M.A. kvartettinn	Bellmansöngvar - Vögguvísa	1951
8.	Erla Þorsteinsdóttir	Er ástin andartaksdraumur - Bergmálsharpan	1954
9.	Sigfús Halldórsson	Játning - Við tvö og blómið	1953
10.	Alfreð Clausen	Vökudraumur – Ágústsnótt	1953
11.	Jakob Hafstein	Söngur villiandarinnar - Fyrir sunnan Fríkirkjuna	1954
12.	Tígulkvartettinn	Ég mætti þér - Hittumst heil	1953
13.	Stefán Íslandi og Guðmundur Jónsson	Sólsetursljóð - Næturljóð	1956
14.	Einar Kristjánsson	Hamraborgin - Ef engill ég væri/ Lindin	1952
15.	Einar Kristjánsson	Vögguvísa - Íslenzk vögguljóð á hörpu/ Fuglinn í fjörunni	1952

Listinn er tilraun höfundar til að meta sölu platna og er hann unninn með hliðsjón af hljómplötuskrá yfir 78 snúninga plötur Ríkisútvarpsins frá árinu 1990.

8.0 78 snúninga hljómplatan kveður

Þegar íslensk plötuútgáfa náði hámarki sínu á sjötta áratugnum, nánar til tekið 1954 komu fyrstu 45 snúninga plöturnar á markað. Frá þessu greina *Hljómplötunýjungar*, blað sem Tage Ammendrup gaf út:

Fyrstu fimm 45 rpm. Plöturnar komu á markaðinn hér í september og voru það hinar svokölluðu EP plötur. Plötur þessar komu fram hjá Hljóðfæraversluninni Drangey fyrir 1½ ári síðan á Metronome og Capitol merkjunum og nú er komnar sem sagt [h]inar fyrstu íslenzku plötur á þessum hraða.¹⁵⁹

¹⁵⁸ Handrit. Hljómplötuskrá Ríkisútvarpsins yfir 17 snúninga plötur.

¹⁵⁹ *Hljómplötunýjungar*, bls. 6.

Fyrsta íslenska 33 snúninga platan innihélt söng með Guðmundu Elíasdóttur og kom hún einnig út árið 1954.¹⁶⁰

Þegar hér var komið sögu var tími kominn fyrir 78 snúninga plötuna að kveðja. *Alþýðublaðið* hóf að birta pistla undir nafninu hljómplötuþáttur í júní 1957 þar sem kynntar voru hljómplötunýjungar bæði íslenskar og erlendar vegna þess „hve miklum vinsældum hljómplatan á að fagna hjá almenningi.“ Í kynningu á greinaflokknum segir enn fremur:

Þar sem hér á landi er almennur og mikill áhugi fyrir hvers konar tónlist og plötuframleiðsla á háu stigi, tekur blaðið hér með upp nýjan þátt, sem nefnist hljómplötuþáttur. ... hefur tekist samvinna um hann við tvær hljóðfæraverslanir hér í bæ. Fálkann og Drangey, sem báðar hafa staðið framarlega í framleiðslu íslenskra hljómplatna.¹⁶¹

Gekkst blaðið svo fyrir því að birtir voru reglulega vinsældarlistar 10 vinælustu platnanna hverju sinni auk þess að kynna nýútkomnar plötur. Ekki er nákvæmlega vitað hver var síðasta 78 snúninga platan sem var gefin út en samkvæmt skrá Trausta Jónssonar og Ólafs Þorsteinssonar er þar annað hvort um að ræða plötuna með lögnum „Litli tónlistarmaðurinn“ og „Þrek og tár“ sem Erla Þorsteinsdóttir og Haukur Morthens fluttu eða plötu þar sem Ragnar Bjarnason syngur „Líf og fjör“ og „Tequila“.¹⁶²

8.1 Íslenskar hljómplötur og heimsmarkaðurinn

„Ingibjörg Þorbergs til Hollywood“ er fyrirsögn fréttar um ferð hennar til Bandaríkjana 1956. Þar kom Ingibjörg bæði fram í útvarpi og sjónvarpi og var sagt að bæði útgáfufyrirtækin S. A. Viktor og Capitol hafi sýnt henni áhuga, en hún kvaðst vera bundin við vinnu hér heima. Guðrún Á. Símonar var einnig björt von Íslendinga um frægð erlendis og um leið og fyrstu plötur hennar komu út frá Íslenskum Tónum árið 1953 birtist svohljóðandi fyrirsögn í *Alþýðublaðinu*: „Söngplötur eftir Guðrúnu Á. Símonar fara sigurför um Norðurlönd.“ Síðan segir í fréttinni að þegar Íslenskir tónar sendu plöturnar í herslu hjá Nera A.S. hafi þær vakið athygli en í fréttinni segir orðrétt:

Norskir tónlistarmenn sem kynntust þessum plötum, urðu svo hrifnir af söng Guðrúnar að norskt plötuútgáfufyrirtæki, Nera A.S., leitaði þegar í stað samninga við „Íslenska Tóna“ um útgáfurétt á plötum þessum í Noregi. Síðan hefur sænska

¹⁶⁰ *Uppflettið forrit*. Bárður Örn Bárðarson: „Fálkinn“.

¹⁶¹ *Alþýðublaðið*, 7. júní 1957, bls. 5.

¹⁶² *Handrit*. Trausti Jónsson og Ólafur Þorsteinsson: Skrá yfir íslenskar 78 snúninga plötur. Maí 2006.


fyrirtækið „Cupol“ keypt útgáfuréttindi fyrir Svíðþjóð og Finnland og „Dansk Telefunken A.S.“ fyrir Danmörku og Færeyjar.¹⁶³

Einnig voru bundnar miklar vonir við plötur Guðrúnar Á. Símonar sem komu út 1957 og er eftirfarandi haft eftir Haraldi Ólafssyni forstjóra Fálkans í *Alþýðublaðinu* í febrúar 1957: „Plötur Guðrúnar hafa náð miklum vinsældum jafnt hér sem erlendis, og munu forráðamenn “His Master’s Voice” gera sér miklar vonir um sölu á plötum hennar.“¹⁶⁴

Plötur Erlu Þorsteinsdóttur voru flestar gefnar út bæði fyrir íslenskan og danskan eða skandinavíska markað. Allar plötur Erlu eru gefnar út í Danmörku undir merkinu Odeon sem var hin skandinavíska deild “His Master’s Voice”.

Ekki virðist sem íslenska 78 snúningaplatan hafi náð miklum vinsældum á erlendri grund þó eitthvað hafa komist þar í sölu og þá aðallega í Danmörku.

Myndrit 5: Söluhæstu íslensku 78 snúninga plöturnar miðað við áætlaðan fjölda upplaga.



Höfundur áætla fjölda upplaga út frá könnun sem gerð var á plötum í Ríkisútvarpinu þar sem afbrigði af hverri plötu voru talin og gengið út frá að hvert afbrigði samsvari einu upplagi.

¹⁶³ *Alþýðublaðið*, 26. júní 1953, bls. 6.

¹⁶⁴ *Alþýðublaðið*, 6. feb. 1957, bls. 8.

9.0 Lokaorð

Útgáfa á íslenskum hljómplötum hófst árið 1910 þótt líkur séu á að fyrstu plöturnar hafi ekki borist hingað til lands fyrr en snemma árs 1911. Hljóðritunartæknin barst hingað til lands árið 1897 þegar Guðmundur Finnbogason konsúll flutti hingað fyrsta hljóðritann. Til er nokkuð af íslenskum vaxhólkum úr söfnum nokkurra einstaklinga frá 1903 til um 1935 og eru þeir varðveittir á Þjóðminjasafninu, Stofnun Árna Magnússonar og á Þjóðfræðisafninu í Berlín. Engar óyggjandi heimildir hafa fundist fyrir því að til sé vaxhólkur sem var fjölfaldaður og gefinn út þótt það megi ráða af ævisögu Péturs Á. Jónssonar.

Útgáfa á íslenskum hljómplötum fór nokkuð hægt af stað og í fyrri heimsstyrjöld voru engar plötur teknar upp fyrir Íslandsmarkað. Um miðjan þriðja áratuginn tók útgáfan fjörkippt sem náði hámarki sínu árið 1930 þegar 82 íslenskar plötur komu á markað og var það metár á tímum 78 snúninga plötunnar. Án efa hefur Alþingishátíðin 1930 átt stærstan þátt í því að gefnar voru út svo margar plötur það ár enda voru Alþingishátíðarplötur Fálkans nær helmingur útgefinna platna það ár. Árið 1933 stóð útvarpið fyrir því í samvinnu við Fálkann að fá öðru sinni tæknimenn hingað frá Columbia-útgáfunni í Englandi og voru fjölmargar plötur teknar upp. Eftir það var deyfð í útgáfu íslenskra platna sem varði fram til ársins 1952. Samt var eitthvað af plötum gefið út á tímabilinu, mest fyrir tilstilli Ríkisútvarpsins. Voru það til dæmis plötur með Karalakór Reykjavíkur og Stefáni Íslandi frá árinu 1937, einnig plötur með Maríu Markan sem komu út árið 1938. Ládeyðan í útgáfumálum stafaði einkum af áhrifum kreppunnar og tilkomu Ríkisútvarpsins sem veitti hljómplötunni mikla samkeppni. Ríkisútvarpið stóð samt fyrir útgáfu á plötum í samvinnu við Fálkann fyrst 1933 og fram á 6. áratuginn, því eðlilega var stofnunin háð framboði á hljómplötum.

Þegar plötuútgáfa á Íslandi er skoðuð er nauðsynlegt að flokka íslenskar plötur eftir því hvort þær voru gefnar út til sölu hér á landi eða erlendis. Íslenskar plötur sem gefnar voru út fyrir erlendan markað segja lítið um útgáfumál hérlandis. Þar má helst nefna plötur Elsu Sigfúss sem flestar voru gefnar út fyrir danskan markað. Plötur með Elsu sem gefnar voru út á árum seinni heimsstyrjaldarinnar í Danmörku segja til dæmis ekkert um ástandið í útgáfumálum á Íslandi þar sem engar plötur voru gefnar út.

Hljómplötuútgáfa fór hægt af stað eftir seinni heimsstyrjöld. Plötur M.A.-kvartettsins sem margir hafa talið vera frá árinu 1942 komu árið 1951 og plötur Guðmundar Jónssonar sem teknar voru upp 1945 komu ekki á markað fyrr en 1949. Síðar gaf Ríkisútvarpið út í samvinnu við Fálkann 21 plötu með ýmsum flytjendum sem komu út árin 1951 og 1952 og með þessari útgáfu hófst gullaldartími í íslenskri hljómplötuútgáfu.

Ekki fundust heimildir sem benda til annars en að plötuútgáfufyrirtækin og umboðsmenn þeirra hafi átt frumkvæði að plötuútgáfu hérlandis a.m.k. fundust ekki heimildir sem benda til þess listamennirnir sjálfir hafi átt frumkvæði að upptökum. Engar áreiðanlegar heimildir fundust um stærð upplaga og sölutölur en ýmislegt bendir til að stærð upplaga hafi að lágmarki verið á bilinu 300-500 eintök. Mest selda 78 snúninga platan samkvæmt lauslegri könnun höfundar mun vera „Ökuljóð“ með Stefáni Íslandi frá árinu 1937. Sú plata mun hafa verið mjög lengi í sölu vegna skorts á íslenskum hljómplötum eða allt fram til 1960 og er það væntanlega ein ástæða fyrir vinsældum hennar. Ef tímabilið milli 1950 og 1960 er skoðað seldust plötur M.A.-kvartettsins langmest.

Í lok október 1952 komu fyrstu plötur á markað frá Íslenskum tónum sem var fyrsta útgáfufyrirtækið til að gefa út undir íslensku merki. Fleiri íslensk plötuútgáfufyrirtæki fylgdu í kjölfarið og gáfu út án beinnar tengingar við erlend útgáfufélög. Við það hófst nýtt gullaldartímabil í íslenskri plötuútgáfu sem náði hámarki sínu 1954 en þá komu 80 íslenskar plötur á markað. Þessi uppsveifla í útgáfumálum mun m.a. hafa átt sér stað vegna tollabreytinga á íslenskum hljómplötum. Hljómplötur höfðu áður verið alger munaðarvara og eftir tollabreytingarnar urðu íslenskar plötur ódýrari en þær erlendu.

Síðustu íslensku 78 snúninga plöturnar komu út árið 1958 en fyrsta íslenska 45 snúninga platan kom út 1954 sama ár og fyrsta íslenska 33 snúninga platan.

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir

Alþýðublaðið. 1926, 1938, 1947, 1949-1950 og 1952-1957.

Björgúlfur Ólafsson: *Pétur Jónsson óperusöngvari*. Rv. 1954.

Columbia. Aðalskrá yfir íslenskar og erlendar plötur. Án útg.st., [1930].

Dagur. 1925.

Day, Timothy: *A Century of Recorded Music: Listening to Musical History*. Yale University Press, New Haven and London. 2000.

Eggert Stefánsson: *Lífið og ég* I og II. Rv. 1952.

The Gramophone. 1935.

Gronow, Pekka: *Studies in Scandinavian–American Discography* 2. Helsinki 1977.

Gunnar Lárus Hjálmarsson: *Eru ekki allir í stuði? Rokk á Íslandi á síðustu öld*. Rv. 2001.

Gunnar M. Magnúss: *Guðrún Á. Símonar. Eins og ég er klædd*. Ak. 1973.

Hjalti Pálsson: „Þýðir ekkert að hugsa um það sem hefði getað orðið. Rætt við Eddu Skagfield á Páfastöðum“. *Heima er bezt*. 56. árg., 2. tbl. 2006, bls. 53–63.

Hljómplötunýjungar. 1. árg., 4.–5. tbl., [1954].

Hæstaréttardómar. XXIII. bindi. Rv. 1952.

Indriði G. Þorsteinsson: *Áfram veginn. Sagan um Stefán Íslandi*. Ak. 1975.

Ísafold. 1897-1898, 1902 og 1911.

Jazz. 1. árg. 4.tbl., 1947.

Josephson, Matthew: *Edison. A biography*. London 1961.

Jón R. Kjartansson: *Skrá yfir íslenskar hljómplötur 1907 – 1955*. Án útg.st., [1955].

Liliedahl, Karleric: *The Gramophone Co. Acoustic recordings in Scandinavia and for the Scandinavian market*. Helsinki 1977.

Morgunblaðið. 1913, 1929-1930, 1934 og 1951-1952.

Hein, Morten: *Musik til salg Skandinavisk Grammophon A/S – EMI Music Denmark 1903–2003*. Kaupmannahöfn 2003.

Nauck, Kurt & Diane: *Nauck's Vintage Records. Vintage Record Auction #39*. 15. apríl 2006.

Njáll Sigurðsson: „Kveðskaparlistin. Varðveisla og saga“. *Silfurplötur Iðunnar*. Ritstjóri Gunnsteinn Ólafsson. Rv. 2004, bls. 20-31.

Sigríður Thorlacius: *María Markan. Endurminningar*. Rv. 1965.

Sigrún Gísladóttir: *Sigfús Einarsson tónskáld*. Reykjavík 1972.

Steingrímur Sigurðsson: *Spegill samtíðar. Skrif um fólk og samfélag*. Rv. 1967.

Svavar Gest: „Ad lib. Um Björn R. og Ammendrup“. *Jazzblaðið*. 3. árg. 1.tbl., bls. 12.

Svavar Gest: *Hugað upphátt. Æviminningar*. Rv. 1992.

Tollskráin 1951. Hermann Jónsson sá um útgáfuna. Rv. 1951.

Trausti Ólafsson: „„Hófaslögin háttum bundin hrynja að söngrodd gleðimanns“““. *Vikan*. 35 árg., 37. tbl. [1973], bls. 26-29.

Viðar Pálsson: *Ágrip af sögu Fálkans. Gefið út á aldarafmæli félagsins 2004*. Án útg.st., 2004.

Vísir. 1930.

Þjóðólfur. 1900.

Geisladiskur

Jónatan Garðarsson: „Stúlkan með lævirkjaröddina“. [Í upplýsingabæklingi]. Erla Þorsteinsdóttir: *Stúlkan með lævirkjaröddina*. Skífan 2000.

Handrit

Hljómplötuskrá Ríkisútvarpsins yfir 78 snúninga plötur. 1990.

María Ammendrup: Íslenskir Tónar. Ritgerð. Óútgefið.

Trausti Jónsson og Ólafur Þorsteinsson: Skrá yfir íslenskar 78 snúninga plötur. Maí 2006.

Heimildamenn

Guðmundur Guðmundsson, starfsmaður HSH.

Sigurjón Samúelsson, bóndi og plötusafnari.

Vefur

Norge – ett lydrige? Verneplan for norske lydfestninger, 1997 Stavanger.

Vefslóð: <http://www.nb.no/verneplan/lyd/>

Schoenherr, Steven. *The Early Gramophone*, 2004.

Vefslóð: <http://history.sandiego.edu/gen/recording/berliner.html>

Schoenherr, Steven. *Leon Scott and the Phonautograph*, 1999-2004.

Vefslóð: <http://history.sandiego.edu/gen/recording/scott.html>

Viðtal

Arnbjörg Auður Örnólfsdóttir söngkona (f. 1935). Viðtal tekið 14. október 2005.

Björn R. Einarsson tónlistarmaður (f. 1923). Viðtal tekið 27. apríl 2005.

Kristján Kristjánsson tónlistarmaður (f. 1925). Viðtal tekið 19. október 2005.

Svavar Lárusson söngvari (f. 1930). Viðtal tekið 22. apríl 2005.

Sendibréf

Ruth Edge: Bréf til Runólfs Þórðarsonar, 28. maí 1997. Í eigu viðtakanda.

Uppflettiforrit

Bárður Örn Bárðarson: „Fálkinn“ og „Hljóðfæraverslun Sigríðar Helgadóttur“. *Íslensk hljóðritaskrá, Uppflettiforrit fyrir PC*. 2002.

Þjsk.: Þjóðskjalasafn Íslands

Ríkisútvarp. 1987-DA/4:

Bréf frá Sigurði Skagfield til útvarpsnefndar 4.júní 1936.

Dreifimiði frá Imperial Broadcast.

Ríkisútvarp. 1987-DC/3:

Afrit af bréfi frá Jónasi Þorbergssyni til Stefáns Íslandi 6. febrúar 1946.

Afrit af bréfi frá Jónasi Þorbergssyni til Maríu Markan 23. júní 1947.

Afrit af bréfi frá Jónasi Þorbergssyni til Fálkans 29. des. 1948.

Afrit af bréfi frá Jónasi Þorbergssyni til Fálkans 31. okt. 1949.

Afrit af bréfi Ríkisútvarpsins til Fálkans 8. febrúar 1951

Ríkisútvarp. 1987-DC/17:

Bréfasamskipti milli útvarpsins og Bost Records.

Ríkisútvarp. 1987-DDC:

Afrit af bréfi frá Skandinavisk Grammophon A/S til Katrínar Viðar 26. október 1937.

Bréf frá Katrínu Viðar til útvarpsstjóra 26. október 1937.